

Nesfréttir

APRÍL 2018 • 4. TBL. • 31. ÁRG. • www.borgarblod.is



Hádegistilboð

Frið. kl. 11-16

LÍTIL PIZZA
af matsæli og 0,333 cl gos **1.000 KR.**

MIÐSTÆRÐ
af matsæli og 0,333 cl gos **1.500 KR.**

DOMINO'S APP WWW.DOMINOS.IS

Barnameningarhátíð á Nesinu



nemenda úr öllum skólunum auk þess sem margir tóku þátt í ratleik og fuglapraut. Hægt verður að sjá sýningarnar út aprílmánuð. Arna ís og Rauða ljónið buðu góð tilboð fyrir börnin í tilefni dagsins sem fjölmargir nýttu sér. Sannkölluð gleðisprengja Barnameningarhátíðin árið 2018.



Opið
8-24
alla daga
Á EIÐISTORGI
HAGKAUP

Fjölmenni var á Eiðistorginu á Barnameningarhátíðinni.

Það var svo sannarlega líf og fjör á Eiðistorgi og á bókasafninu þegar að Barnameningarhátíð var haldin hátíðleg í 3ja sinn þriðjudaginn 17. apríl sl. Mikill fjöldi barna, foreldra og annarra aðstandenda tóku þátt í hátíðinni og var mál manna að hún hafi verið afar velheppnuð og skemmtileg. Dagskráin var fjölbreytt, engin aðkeypt atriði heldur voru börn og ungmenni á Seltjarnarnesi í öllum aðalhlutverkum á hátíðinni. Listsköpun þeirra og framkoma vakti mikla lukku og aðdáun allra gesta.

Eiðistorgið var skreytt veifum sem börn á öllum skólastigum höfðu myndskreytt. Um 230 leikskólabörn komu fylktu liðið í skrudgöngu í lögreglufylgd undir dúndrandi trommuslætti og með bæjarstjórnann í broddi fylkingar. Daníel Ingi Arason og Jenný Guðmundsdóttir nemendur í 9. bekk Valhúsaskóla stóðu sig með mikilli prýði sem kynnar hátíðarinnar. Leikskólabörnin sungu af mikilli innlifun með hljóðfæri, fugla og blóm sem þau höfðu sjálf búið til. Á bókasafninu voru magnaðar myndlistar- og hönnunarsýningar



SELTJARNARNESBÆR

www.seltjarnarnes.is



Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík  Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

ÓKEYPIS
GREIÐSLUMAT
Á NETINU

 HÚSNÆÐISÞJÓNUSTA
ÍSLANDBANKA

Netgreiðslumat Íslandsbanka
er endurgjaldslaust til ársloka

 Íslandsbanki

Nesfréttir

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMADUR: Kristján Jóhannsson

BLAÐAMADUR: Þórður Ingimarsson UMBROT: Valur Kristjánsson

NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

Styðja þarf umhverfisvænan ferðamáta

Dæmi er um að fyrirtæki og stofnanir umbuni starfsfólki sínu ef það mætir til vinnu með öðrum hætti en að aka á einkabíl t.d. með því að nota almenningssamgöngur, hjóla eða ganga til vinnu. Er það liður í viðleitni við að draga úr notkun einkabíla til daglegra nota. Liður í að létta á umferðarpunga og draga úr mengun meðal annars úr svifryki sem er vaxandi vandamál á höfuðborgarsvæðinu.

Þetta eru jákvæðar fregnir og umbun af þessum toga getur verið fljót að virka ef rétt er á haldið. Til þess að verulegur árangur náist þarf tvennt að koma til. Þær upphæðir sem greiddar verða þurfa að vera af þeirri stærð að fólk finni fyrir þeim í buddu sinni og að þau fyrirtæki sem taka slíkar greiður á sig fái sjálf umbun af opinberri hálfu fyrir framtak sitt – til dæmis í formi skattaafsláttar.

Ekki er hægt að ætlast til að atvinnulífið beri eitt þann kostnað sem hlýst af umhverfisvænni ferðamáta. Opinberir aðilar þurfa einnig að koma til. Langar hugrenningar þarf ekki að hafa um að létta á umferðinni og draga úr mengun er þjóðhagslega hagkvæmt. Kostnaðurinn sem af þessu leiðir mun skila sér í vasa hins opinbera og almennings þegar til lengri tíma er litið.

Kaupin á Ráðagerði

Magnús var á móti - minnihlutinn sat hjá



Magnús Guðmundsson bæjarfulltrúi meirihluta bæjarstjórnar Seltjarnarness greiddi atkvæði gegn því að Seltjarnarnesbær nýtti forkaupsrétt á Ráðagerði þegar meirihluti bæjarstjórnar samþykkti að nýta réttinn með þremur atkvæðum meirihlutafólks á fundi bæjarstjórnar nýverið. Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar og Neslistans sátu hjá.

Í bókun Neslistans segir að kaup bæjarins á Ráðagerði kunna að bjóða upp á ýmsa áhugaverða kosti og nýtingarmöguleika. "Ég sit hins vegar hjá við afgreiðslu til lögu um að bærinn kaupi eignina á 100 milljónir króna án þess að fyrir liggja mat á þeim kostum og virði þeirra fyrir bæjarfélagið," sagði Árni Einarsson bæjarfulltrúi Neslistans.

Meirihlutinn hefur efasemdir um borgarlínu

Bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar hefur samþykkt afgreiðslu bæjarráðs á breytingu á svæðisskipulagi Höfuðborgarsvæðisins 2040 þar sem skilgreindir eru samgöngu- og þróunarásar. Skipulagið gerir ráð fyrir svokallaðri borgarlínu. Samkvæmt svæðisskipulaginu nær borgarlínan að sveitarfélagamörkum Reykjavíkur og Seltjarnarness þar sem bæjarstjórnin hafði áður hafnað því að hún næði inn á Nesið.



Hugmynd að stoppistöð Borgarlínu.

Meirihluti bæjarstjórnar telur hugmyndir um nýja Borgarlínu hæpnar, ekki síst forsendur um heildarkostnað við verkefnið, áætlaða nýtingu og rekstrarkostnað. Meirihlutinn telur að leggja beri megináherslu á frekari eflingu Strætó. „Það felst engin breyting í þessu. Borgarlínan er einn af þeim boltum sem sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu eru með á lofti til skoðunar. Svæðisskipulagið gerir ráð fyrir fyrsta áfanga sem ef til vill verður farið í. Það verður hins vegar ekkert gert nema ríkið komi að málinu og engir samningar hafa verið gerðir um það,“ segir Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri á Seltjarnarnesi.



ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070



Finndu okkur á
Facebook



Seltjarnarnes til framtíðar! Eitt samfélag fyrir alla

Samfylking Seltirninga býður fram öflugan og fjölbreyttan lista undir yfirskriftinni Seltjarnarnes til framtíðar! - Eitt samfélag fyrir alla. Samfylking Seltirninga leggur fram metnaðarfulla framtíðarstefnu í mennta-, velferðar-, skipulags- og umhverfismálum. Meginmarkmið stefnunnar er að skapa fjölbreytt og gott samfélag þar sem gott er að búa, alast upp, eldast og njóta.



**1. Guðmundur Ari Sigurjóns.
Tómstundafræðingur**

"Ég vil byggja nýjan leikskóla sem tekur inn öll 12 mánaða börn þrisvar sinnum á ári og bæta kjör og aðbúnað kennara"



**2. Sigurpóra Bergsdóttir
Verkefnastjóri**

"Ég vil öfluga velferðarþjónustu og stefna að því að allir Seltirningar búi við lífsgæði og öryggi á eigin heimili"



**3. Þorleifur Örn Gunnars.
Grunnskólakennari**

"Ég vil gera skólana okkar að eftirsóknarverðum vinnustað fyrir kennara jafnt sem nemendur"



**4. Karen María Jónsdóttir
Sérfræðingur**

"Ég vil skýra framtíðarsýn og ábyrga skipulagsáætlun sem byggir undir verðmætasköpun og gæði framtíðarbyggðar"



Lækkun á hámarkshraða á Norðurströnd



Settar hafa verið upp nýjar hraðamerkingar við Norðurströnd sem gefa til kynna að hámarkshraði um götuna er 50 km/klst. Hraðamerkingin er í samræmi við 37. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, þar sem segir að í þéttbýli megi ökuhraði ekki vera meiri en 50 km á klst.

Í Aðalskipulagi Seltjarnarnesbæjar 2015-2033 kemur fram að hámarkshraði á Norðurströnd eins og á Suðurströnd skuli ekki vera hærri en 50 km/klst. Bæjarbúar eru hvattir til að virða hámarkshraðann enda mikill fjöldi gangandi og hjólandi vegfarenda á þessum slóðum alla daga!

Rými til leigu á Hrólfskálamel

Bjart og snyrtilegt 70 fm rými til leigu.
Hentugt fyrir geymslu eða lager.
Gott aðgengi með tvöfaldri hurð,
innangengt úr bílakjallara.
Til leigu með eða án bílastæðis.

Nánari upplýsingar:
Helgi Benediktsson - s. 664 1513
helgibene@gmail.com



Þessi mynd var tekin af Selkórnum á Valhúsaheð á Seltjarnarnesi í tilefni af 50 ára afmælinu.

50 ára afmælistónleikar Selkórsins

Þann 6. maí næstkomandi fagnar Selkórinn því að hafa sungið sig inn í hjórtu landsmanna í fimmtíu ár. Af því tilefni verður efnt til létrar tónlistarveislu með lögum sem hafa sérstaklega verið útsett fyrir kórinn á síðustu árum.

Fyrir hlé verða á efnisskránni ýmsar perlor íslenskra dægurlaga. m.a. eftir Gunnar Þórðarson, Megas, 12. september og einnig eitt lag eftir Friðrik Karlsson, bæjarlistamañ Seltjarnarness árið 2018. Eftir hlé er öll tónlistin eftir Seltirninginn og tónlistarmanninn ástsæla Jóhann Helgason en hann var bæjarlistamaður Seltjarnarness árið 2007. Kórinn lét af þessu tilefni útsetja 9 lög Jóhanns, þar á meðal hið fræga

lag hans „Söknuð“. Jóhann syngur nokkur lög með kórnum.

Úrvals tónlistarmenn leika með kórnum á tónleikum. Gunnar Hrafnsson á kontrabassa, Kjartan Valdemarsson á píanó og Einar Valur Scheving á trommur. Meðleikari kórsins Dagný Björgvinsdóttir leikur á píanó og orgel og Hafsteinn Þórólfsson syngur með kórnum. Kórstjóri Selkórsins er Oliver Kentish.

Tónleikarnir verða í Seltjarnarneskirkju sunnudaginn 6. maí og hefjast þeir kl. 16:00. Tónleikagestir fá kaffi og konfekt í hléi. Í tilefni afmælisins verður aðgangseyrir aðeins kr. 1.000.-

Hægt er að nálgast miða hjá kórfélögum og við innganginn.



KOMDU MEÐ BÍLINN Í FRÍA TJÓNASKOÐUN

Vottað réttinga- og málingarverkstæði

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málingarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgæði með því að nota fyrsta flokkis tækjabúnað og efni. Styðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.



Tjónaskoðun
Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatíð sem sent er til tryggingafélaga.



Framrúðuskipti
Skiptum um framrúður og önnumst annars konar rúðuskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt limdar rúður sem og aðrar, ásamt glerheirnisun á bil.



Mössun / snyrting á lakk
Við bjóðum upp á ráðleggingar og gerum tilboð í lakkmössun og blettanir.



Dekkþjónusta
Sparaðu tíma. Við getum skipt um dekk á bílinn á meðan hann er í viðgerð.



Rétting og máling
Við vinnum eftir stöðlum framleiðenda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst ítrustu kröfur.



Bílaþvottur / djúphreinsun
Bjóðum við upp á almennan bílaþvott, djúphreinsun, bón ofl. Frir þvottur fylgir öllum viðgerðum.



Innréttingar / áklæði
Tökum að ökkur viðgerðir á sætum, innréttingum ofl.



Smáviðgerðir
Samhlöða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slifflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.

Við efnum fyrirheitin

Á kjörtímabilinu hefur margt áunnist til heilla fyrir íbúana. Sjálfstæðisflokkurinn gaf fyrirheit í ýmsum málaflokkum fyrir fjórum árum. Á meðal helstu efnda má tiltaka:

Skólamálin:

- Gæði skólstarfs. Framúrskarandi árangur í PISA og samræmdum prófum
- Tómsundastyrkir hækkaðir í 50 þúsund kr.
- Leikskólagjöld lækkuð um 25%
- Mótframlag sem jafnar dagforeldragjald við leikskólagjald
- Opnun Holts fyrir yngri leikskólabörn
- Forskóli fyrir alla í 1.-2. bekk í Tónlistarskóla Seltjarnarness
- Stofnun Frístundamiðstöðvar
- Endurbætur á bókasafni
- Ný og endurbætt Frístund í Mýró (Kálfinum)
- Undirbúningur hafinn að nýjum og betri leikskóla

Eldri borgarar og öryrkjar:

- Nýtt 40 rýma hjúkrunarheimili opnað 2018
- Stofnun Öldungaráðs
- Málefni fatlaðra tekin yfir til að bæta þjónustu
- Þjónustukjarni fyrir fatlaða í bígerð

Íþróttir, útivera og menning:

- Nýtt íþróttahús að rísa
- Lenging opnunartíma í sundlaug, kvöld og helgar. Ný rennibraut og aðgengi fatlaðra bætt í sundlaug
- Tvöföldun hjólastíga
- Ný og endurbætt innigolfaðstaða sem nýtist yngri sem eldri
- Endurnýjun gervigrasvalla og sparkvalla
- Hæsta framlag á landinu í íþrótt- og tómsundastarf
- Öflugt menningarlíf sem hlúið hefur verið að
- Bættar merkingar og eftirlit á útivistarsvæðunum

Fjármál og lýðræði

- Fjárhagur bæjarins er mjög traustur
- Fasteignagjöld lækkuð um 17% á kjörtímabilinu
- Nýtt aðalskipulag innleitt í samráði við íbúa
- Fjöldi íbúþinga og samráðsfunda
- Allt skipulag er nú tilbúið fyrir byggð á Bygggarðasvæðinu

Við erum stolt af árangrinum sem náðst hefur á þessu kjörtímabili sem nú er að ljúka. Þrátt fyrir umsvif á mörgum sviðum hefur ávallt verið ráðist í umbætur með ráðdeild að leiðarljósi. Það er von mín að þessi samantekt gefi nokkra vísbendingu um þau störf sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur unnið að ásamt starfsfólki Seltjarnarnesbæjar á kjörtímabilinu 2014-2018.

Við horfum því með bjartsýni til næstu fjögurra ára og heitum því að gera enn betur.

Ásgerður Halldórsdóttir
bæjarstjóri og oddviti
Sjálfstæðismanna





Eins og sjá á meðfylgjandi mynd sem tekin er með dróna má sjá hvar hjúkrunarheimilið er að rísa við Safnatröð á milli Nesstofu og Nesbala.

Mynd: Jón Sigurjónsson.

Hjúkrunarheimili með 40 íbúðum að rísa

Frankvæmdir við byggingu hjúkrunarheimilis á Seltjarnarnesi eru á fullri ferð um þessar mundir og ganga afar vel, húsið ris hratt en stefnt er að því að heimilið verði tekið í notkun um næstu áramót. Heildarbyggingartími var áætlaður um 18 mánuðir og standast þær áætlanir eins og staðan er nú.

Seltjarnarnesbær annast eins og áður hefur komið fram alla hönnun og byggingu heimilisins í samráði við Velferðarráðuneytið og Framkvæmdasýslu ríkisins. Forsendur byggingarinnar grundvallast á stefnu og viðmiðum Velferðarráðuneytisins í öldrunarmálum.

Hjúkrunarheimilinu var fundinn staður á einum rómaðasta útsýnisstað á Nesinu, við norðurtún Nes II, þar sem nú heitir Safnatröð og markar bygging þess tímamót í byggingarsögu bæjarfélagsins. Heimilið á að bjóða upp á aðstaður sem stuðla að vellíðan þeirra sem þar dvelja, jafnt heimilismanna sem starfsfólks og aðstandenda. Fjörutíu íbúðir verða í hjúkrunarheimilinu þar sem umhverfið og aðbúnaðurinn mun líkjast hefðbundnum einkaheimilum. Öll hönnunin hefur miðast við að mæta þörfum fólks með skerta getu til athafna. Byggingin er á einni hæð, án stiga og allt aðgengi að henni verður mjög gott auk þess sem bílastæði og aðstaða til útiveru verða einnig opin og afar aðgengileg. Sameiginlegt markmið allra sem að málinu koma og án efa Seltirninga allra er að íbúum hjúkrunarheimilisins muni líða þar vel og að þeir geti notið síðustu æviáranna við bestu aðstæður á dásamlegum stað.

www.systrasamlagid.is

Ársreikningur lagður fram

Ársreikningur Seltjarnarnesbæjar fyrir árið 2017, sem lagður var fram til fyrri umræðu á fundi bæjarstjórnar, miðvikudaginn 11. apríl 2018, lýsir mjög sterkri fjárhagsstöðu sveitarfélagsins.

Rekstrarafgangur fyrir óreglulega liði nam 38 millj. kr. en áætlun hafði gert ráð fyrir 34 millj. kr. rekstrarafgangi. Eingreiðsla bæjarins til Lífeyrissjóðsins Brúar á árinu 2017, var verulegt högg fyrir bæjarsjóð og því varð rekstrarniðurstaða ársreiknings lakari um þær 176 millj. kr sem gjaldfærsla Brúar nemur, niðurstaða ársreikningsins var því tap að fjárhæð 99 millj. kr. Bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar gerði samkomulag um uppgjör við Brú, uppgjórið miðaðist við tryggingafræðilega stöðu sjóðsins 31.05.2017, samkvæmt samkomulagi við sjóðinn nemur heildarframlag sveitarfélagsins og stofnana þess 644 mkr. Um er að ræða framlög í jafnvægisjóð, lífeyrisaukasjóð og varúðarsjóð. Gjaldfærslan vegna Brúar var gjaldfærð strax árið 2017 og nam 176 mkr. er færð meðal launa og launatengdra gjalda á árinu 2017. Greiðsla heildarframlagsins átti sér svo stað í upphafi árs 2018 og fjármagnaði sveitarfélagið uppgjórið með lántöku.

Skatttekjur nema um 81% af tekjum sveitarfélagsins. Veltufé frá rekstri nam 350 millj. kr. sem er hækkun frá árinu 2016. Í árslok 2017 voru íbúar Seltjarnarnesbæjar 4.590 og hafði fjölgað um 3%.

Rekstur málaflokka er í mjög góðu samræmi við fjárhagsáætlun eins og rekstrarniðurstaða gefur til kynna og vil ég þakka stjórnendum bæjarins fyrir gott samstarf á liðnu ári. Stærstu málaflökkarnir eru fræðslumál, félagsþjónusta og æskulýðs- og íþróttamála.

Skuldahlutfall 50%

Kennitölur í rekstri bera vott um mjög trausta fjárhagsstöðu sveitarfélagsins. Skuldahlutfall er 59% og svokallað skuldaviðmið 46%. Eiginfjárlutfall nemur 66% í árslok. Fjárfesting nam 22% í hlutfalli við rekstrartekjur. Fjárfestingar á árinu námu rúmlega 882 millj. kr. og hafa aldrei verið meiri. Helstu framkvæmdir voru við hjúkrunarheimilið, sem námu samtals um 565 millj. kr., stækkun íþróttamiðstöðvar 60 millj. kr., gatnaframkvæmda og ýmissa annarra smærri framkvæmda. Lántaka á árinu 2017 nam núll krónum, en gert er ráð fyrir lántöku á árinu 2018 til að mæta framkvæmdum ársins 2018, m.a. hjúkrunarheimilis, íþróttamiðstöðvar og greiðslu til Lífeyrissjóðsins Brúar.

Áform um nýjan leikskóla og sambýli fyrir fatlaða

Sterk og ábyrg fjárhagsstaða Seltjarnarnesbæjar er undirstaða þess að Seltjarnarnesbær sé vel undir það búinn að mæta þjónustu við nýja íbúa samhliða uppbyggingu á nýju hverfi við Bygggarða. Í dag er verið að skoða áform um að byggja nýjan leikskóla, sambýli fyrir fatlað fólk. Auk þess sem áfram verður unnið að gatnagerð og endurnýjun lagna og gangstétta í eldri hverfum bæjarins.

Ársreikningur Seltjarnarnesbæjar verður tekinn til síðari umræðu í bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar 9. maí nk.

Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri.



Ásgerður
Halldórsdóttir.

FERSKUR FISKUR DAGLEGA


MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA

VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opíð virka daga kl. 10 - 18:30





HEILSUDAGAR Á SELTJARNARNESI 2018

3. - 5. MAÍ

ÍTS í samstarfi við aðildarfélög tengd heilsu og hreyfingu á Seltjarnarnesi bjóða bæjarbúum á heilsudaga 3. - 5. maí n.k. Fjölbreytt dagskrá í boði þar sem allir ættu að finna sér eitthvað við hæfi. Allir velkomnir og frítt á alla viðburði*

Fimmtudagur 3. maí

Kl: 12-13 Hreyfiland - Mjúk kvennaleikfimi fyrir konur á besta aldri.

Kl: 19.30 Gallerí Gróttu. Fyrirlestur um hamingju og núvitund. Erindi á vegum **Ragnildar Jónsdóttur**, mastersnema í jákvæðri sálfræði og heilsumarkþjálfu og **Önnu Dóru Frostadóttur**, sálfræðings og núvitundarkennara. Nálgun núvitundar er áhrifarík leið til að þjálfa athygli og auka sjálfsþekkingu. Núvitundarþjálfun felur í sér að læra að nema staðar „hér og nú“, láta af sjálfstýringu hugans og að vera heilshugar til staðar í aðstæðum. Sýnt hefur verið fram á að núvitundarþjálfun hefur jákvæð áhrif á líðan, bætir heilsufar og dregur úr streitu, kvíða og depurð.

Föstudagur 4. maí

Kl: 9-9.45 Opinn tími í Hreyfilandi, Eiðistorgi. Snillingafimi fyrir börn yngri en 7 mánaða.

Kl: 12-12.45 Opinn tími í Hreyfilandi, Eiðistorgi. Snillingafimi fyrir börn eldri en 7 mánaða.

Opið hús í félagsstarfi aldraðra Skólabraut 3-5

Kl: 10.30 Kaffikrókur og tekið í spil frameftir degi.

Kl: 11.00 Jóga/hláturjóga.

Kl: 13.30 Söngstund.

Laugardagur 5. maí

Opið hús hjá World Class. Frítt inn og opið í alla tíma.

Sundlaug Seltjarnarness býður bæjarbúum í sund.

Frítt inn allan daginn og við minnum á lengri opnunartíma um helgar til kl. 19.30.

Kl: 9-11 Þútt í Risinu Eiðistorgi í samstarfi við Nesklúbbinn

Kl: 9.30 Hjólreiðatúr með Bjarna Torfa um Seltjarnarnesið.

Hjólátúr með sögum af nesinu eins og Bjarna Torfa einum er lagið. Lagt verður af stað frá Sundlaug Seltjarnarness að framanverðu

Kl. 11 Neshlaupið

Kl. 14-14.45 Hreyfiland – Opinn tími í Hreyfifimi fyrir börn 1-2 ára

13:00 -14:30 Fimleikar fyrir fullorðna – Opin æfing hjá Gróttu



SELTJARNARNESBÆR

seltjarnarnes.is

Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri skrifar

Ráðagerði fyrir bæjarbúa og gesti

Bæjarstjórn Seltjarnarness hefur ákveðið að nýta forkaupsrétt sinn við kaup á Ráðagerði, sem hefur verið vestasta byggða ból á Nesinu frá því að búskapur lagðist af í Gróttu. Ráðagerði er einstaklega fallegt og reisulegt tvílyft timburhús. Þaðan er útsýni yfir Faxaflóann og fjallahringinn, eyjarnar á Sundunum, Snæfellsjökul í öllum sínum myndum og til Gróttu. Húsið er verndað samkvæmt húsfriðunarlögum. Það er að mínum dómi mikilvægt ták fyrri tíma, minning um menn og atburði sem okkur ber að leggja rækt við.

Saga Ráðagerðis er löng og var það skráð sem hjáleiga frá stórbýlinu Nesi í manntalinu árið 1703. Núverandi hús var reist á níunda áratug nítjándu aldar og hefur eðlilega tekið ýmsum breytingum. Hér er ekki rúm til þess að rekja merka sögu hinna mörgu ábúenda í Ráðagerði né umsvif þeirra og atburði. Árið 1997 keyptu hjónin Jónína Ragnarsdóttir og Finnur Jónsson Ráðagerði af Seltjarnarnesbæ með skilmálum um að gera húsið upp sem íbúðarhús „í þeim stíl sem áður var“. Það hafði þá staðið autt í nokkur ár og var farið að láta mjög



Saga Ráðagerðis er löng og var það skráð sem hjáleiga frá stórbýlinu Nesi í manntalinu árið 1703.

á sjá. Ekki var kastað höndunum til endurgerðarinnar og fengnir til færustu sérfræðingar. Enda er það almenn skoðun að hún hafi tekist með miklum ágætum. Húsið Ráðagerði er eigendum til mikils sóma og sannkölluð bæjarprýði.

Helsta aðdráttarafið

Mikil umræða hefur verið meðal bæjarbúa á Seltjarnarnesi um uppbyggingu á Vestursvæðinu síðustu misserin. Kallað hefur verið eftir aðgerðum til þess að styðja við útiveru og ferðatengda þjónustu á svæðinu. Í skýrslu hóps sem vann

að stefnumörkun í ferðaþjónustu segir að bærinn leggi áherslu á að náttúruleg og menningarleg arfleifð bæjarins verði varðveitt í ljósi þess að helsta aðdráttarafll hans sé að finna í náttúrunni, fuglalífi, menningu og sögu. Með kaupum á Ráðagerði er verið að fylgja þessari stefnu eftir enda hefur svæðið í kringum Gróttu hvað mest aðdráttarafll allra staða á Seltjarnarnesi.

Tækifærið var núna

Margt hefur verið nefnt í sambandi við nýtingu hússins. Sem dæmi má nefna: Ráðagerði sem

áningarstaður bæjarbúa og gesta, kaffihús, sögusafn og/eða móttöku- og fundarstaður; Ráðagerði sem upplýsingaveita um náttúruna, umhverfið, fuglalífið, fornminjarnar, söguna og menningararfinn; Ráðagerði sem þjónustumiðstöð fyrir þá sem fara um útsýnis- og útivistarsvæðið.

Einkaframtakið hefur skilað í hendur okkar vandaðri endurgerð af bæjarprýði. Nú er það bæjarbúa að taka þátt í að skilgreina verkefni Ráðagerðis til næstu áratuga. Til þess þarf að gefa tómt og ekki kasta til þess höndunum fremur en endurbyggingarinnar sem hófst fyrir tuttugu árum. Þess vegna var mikilvægt að taka ákvörðun um kaupin nú þegar tækifæri gafst fremur en að bíða í önnur tuttugu ár eða lengur.



coral[®] Dyra og hreinsimottur
Stoppar 90% óhreininda

DAGSKRÁ MAÍ 2018

2. maí kl. 17.30

Sögustund fyrir yngstu kynslóðina

Elsa Nielsen, annar höfundur bókarinnar *Kormákur krummafótur*, les um duglega strákinn.

Höfundar:
Jóna Valborg Árnadóttir
og Elsa Nielsen



9. maí kl. 17.00

List án landamæra í Gallerí Gróttu

Sýningin er hluti af listahátíðinni List án landamæra og er samsýning nýuppgötvaðra og þekktara listamanna.



14. maí kl. 17.30-18.30

ERINDARÖÐIN Heilsutengdur fyrirlestur – Svefnvenjur barna á aldrinum 1-6 ára

Arna Skúladóttir sérfræðingur í barna-hjúkrun og höfundur metsölubókarinnar Draumaland – svefn og svefnvenjur gefur góð ráð um svefnvenjur barna.



15. maí – Frostaveturinn mikli

SÖGUNNAR MINNST

Bókasafn Seltjarnarness gerir sér far um að minnst atburða ársins 1918 í tilefni 100 ára afmælis fullveldis Íslands með sýningu og framsetningu á bókum, lesefni og myndefni. Nú er það frostaveturinn mikli.



19. maí kl. 11-12

Lesið fyrir hund – Vigdís Vinir gæludýra á Íslandi

Börnum er boðið að heimsækja safnið og lesa sér til ánægju fyrir hunda sem eru sérstaklega þjálfaðir til að hlusta á börn lesa. Sex börn komast að í hvert skipti. Skráning á sigridurgu@nesid.is eða í síma 5959-170



24. maí – Sumarlestur hefst

Sumarlestur grunnskólabarna

á bókasafninu í sumar hefst 24. maí og lýkur 6. september. Uppskeruhátíð verður síðan haldin í september með pomp og prakt!



31. maí kl. 17.00

Afmælissýning í Gallerí Gróttu

Björg Ísaksdóttir Seltirningur og myndlistarkona setur upp sýningu í tilefni af 90 ára afmælinu sínu. Sýningin opnar á sjálfan afmælisdaginn.



Bókasafn Seltjarnarness

Opnunartími: Mán. - fim. 10-19 og fös. 10-17. Lau. 11-14.

Eiðistorgi 11, 170 Seltjarnarnes, Sími: 5959-170

Netfang: bokasafn@seltjarnarnes.is

Bæjarstjórn þarf að vera lýðræðislegri og metnaðarfullri

Karl Pétur Jónsson stjórn-málafræðingur og MBA leiðir nýtt framboð við bæjarstjórnarkosningarnar á Seltjarnarnesi. Framboðið samanstendur af Viðreisn og Bæjarmálafélagi Seltjarnarness sem staðið hefur að Neslistanum allar götur frá árinu 1990. Karl Pétur hefur víðtæka reynslu af stjórn-málum bæði sem þátttakandi og ráðgjafi. Hann hefur starfað að bæjarmálum á Seltjarnarnesi sem fyrsti varabæjarfulltrúi og fulltrúi í skólanevnd og jafnréttisnevnd. Hann hefur verið virkur í foreldraráði í Gróttu, í skóla- og leikskólastarfi allt frá því hann flutti á Nesið fyrir 12 árum. Karl Pétur hefur verið aðstoðarmaður ráðherra og starfað sem ráðgjafi og framkvæmdamaður á sviði stjórn-mála, atvinnulífs og menningarmála. Karl Pétur er kvæntur Guðrúnu Tinnu Ólafsdóttir rekstrarstjóra Fríhafnarinnar og eiga þau fimm börn á aldrinum fimm til tuttugu ára. Þau búa á Barðaströnd 5.

Hvað kemur til að Karl Pétur hefur ákveðið að hella sér í bæjarmálin á Seltjarnarnesi? Hann kveðst vera búinn að starfa á vettvangi bæjarmálanna um fjögurra ára skeið og langi til að halda því áfram. „Tækifærin til umbóta eru mörg hér á Seltjarnarnesi. Ég tel að almennt



Karl Pétur ásamt fjölskyldu sinni, frá vinstri; Grímur Fannar, Karl Pétur, Katrín Anna, Katla, Ari Páll, Guðrún Tinna og Fanney Petra.

þurfi fleira metnaðarfullt framkvæmdafólk í bæjarstjórnina. Fólk sem kemur hreyfingu á hlutina og vinnur málin með faglegum metnaði. Sú kyrrstaða sem einkennt hefur bæjarmálin undanfarin ár er ekki boðleg í samfélagi eins og okkar. Þess vegna hef ég ákveðið að taka þátt í þessu.

Tökum skólamálin sem dæmi. Á því sviði á Seltjarnarnesi að skara framúr. Við eigum að leyfa okkur að vera mjög metnaðarfull hvað börnin okkar varðar. Við hjónin erum með fimm börn og erum því í ríkum tengslum við skólana. Við búum við þann lúxus að eiga einn albesta

leikskóla á landinu. Þar er unnið frábært starf við erfiðar aðstæður. Sólbrekka er starfrækt í tæplega 40 ára gömlu bráðabirgðahúsnæði sem stenst ekki nútímakröfur og heldur varla vatni eða vindi. Auk þess er leikskólinn of lítill sem nemur um það bil 50 nemendum, vilji bærinn brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla. Því er mikil nauðsyn að hefjast handa við að skipuleggja byggingu nýs leikskóla. Við þessar aðstæður er þó að mínu mati unnið frábært starf í þágu barnanna. Þarna eru kraftmiklir og framsýnir leikskólakennarar við störf. Þá höfum við forsendur til þess að

skólinn okkar verði besti grunnskóli landsins. Hversu góðir sem hlutirnir eru má alltaf gera betur og þetta á ekki síður við um skólana en annað. Við megum ekki nema staðar því á þessu hvílir framtíð barnanna okkar. Þau munu í framtíðinni keppa við jafnaldra sína frá öllum heimshornum og því er það í okkar höndum að undirbúa þau til þeirrar keppni. Því miður gerast jákvæðar breytingar sorglega hægt hér á Nesiinu og breytingar eru af sumum litnar hornauga.

Bætum stjórnsýsluna

Hvað samskipti skólans og bæjaryfirvalda snertir, þá hef ég starfað í skólanevnd á þessu kjörtímabili. Í byrjun kjörtímabilsins varaði ég við því ítrekað á fundum nefndarinnar að íbúafjöldi myndi aukast hraðar en íbúaspár bentu til. Ég gerði greiningu sem byggði á fjölda eigna til sölu á Seltjarnarnesi á þessum tíma og þróunin í fjölda barna hefur verið í takt við það sem ég spáði. Fyrirhyggjuleysi meirihlutans hefur leitt af sér að nú verður ekki mögulegt að bjóða þeim stóra hópi barna sem hér búa leikskólapláss nema með reddingum á borð við færanlegar kennslustofur, sem eru í rauninni ekki boðleg húsakynni. Ekki er raunhæft að nýr leikskóli rísi hér fyrir en í fyrsta lagi eftir þrjú ár.



Það er einfalt að flokka plastumbúðir á Seltjarnarnesi

Pokar fyrir plastumbúðir fást íbúum að kostnaðarlausu í íþróttamiðstöðinni

- 

1 Skolið umbúðir svo ekki komi ólykt við geymslu
- 

2 Staflað þeim saman svo þær taki minna pláss
- 

3 Setjið umbúðirnar í pokann og bindið fyrir þegar hann er fullur
- 

4 Setjið pokann í gráu tunnuna fyrir almennt sorp

Við flokkum pokana svo frá öðrum heimilisúrgangi í móttökustöð SORPU og komum plastinu í endurvinnslu

Skylda að stuðla að eflingu skólafólksins

Fólk sem stýrir bæjarmálum þarf að koma til móts við skólafólkið og ekki síður foreldra og spyrja hvað megi bæta. Hvað megi gera betur. Það er beinlínis skylda stjórnmalamanna sem stýra hátt í tveimur milljörðum sem fara til skólalands á Seltjarnarnesi á hverju ári að stuðla að eflingu þess. En breytingar verð að vera á forsendum fagfólksins – fólksins sem stýrir skólalandsinu og starfar við það. Þess vegna er nauðsynlegt að efla samskipti þessara aðila. Mjög mikilvægt er að allar ákvarðanir um skólalandsmál séu teknar á faglegum forsendum og því miður eru allt of mörg dæmi þess að slæm stjórnsýsla bæjaryfirvalda hafi orðið til þess að ákvarðanir séu teknar á öðrum forsendum.”

Eldri borgara að borðinu

Á Seltjarnarnesi er talsvert hátt hlutfall eldri borgara, hvað sérðu fyrir þér að hægt sé að gera til bóta fyrir þann hóp? “Hafi ég lært eitthvað af störfum mínum í Velferðarráðuneytinu, þá er það hversu mikill kraftur er í þessum hópi og hversu innbyrðis ólíkur

hann er. Fólk er náttúrulega misjafnt til heilsunnar á efri árum, sumir eru hlaupandi upp um fjöll eftir að vinnuævinni lýkur á meðan aðrir eru ekki svo lánsamir. Ég tel að fyrst og fremst eigum við að nýta okkur þekkingu eldra fólks og fá það að borðinu í ákvarðanatöku. Ungmennaráð hefur fulltrúa í öllum nefndum bæjarins og ég sé tækifæri í því að Öldungaráð bæjarins hafi það einnig. Þá tel ég að hægt sé að gera miklu betur í heimaþjónustu og raunar mikilvægt til að lengja þann tíma sem fólk býr á sínu eigin heimili.”

Tap á bænum í toppi hagsveiflu

Nú hefur rekstur bæjarfélagsins verið talinn góður. Er eitthvað sem þarf að breyta í þeim efnum? “Já – málið er að þrátt fyrir að rekstrartölur hafi lengst af verið jákvæðar þá er lítið fé afgang og því lítið svigrúm til nýrra framkvæmda. Þvert á það sem flestir halda er rekstur Seltjarnarnesbæjar í járnum. Rekstur ársins 2017 var neikvæður um yfir 100 milljónir – í toppi hagsveiflunnar. Framundan er átak í viðhaldi og uppbyggingu

innviða og eigna bæjarfélagsins. Bærinn þarf að vera í forystu bæjarfélaga hvað varðar snyrtilegt umhverfi og falleg og notadryg almannarými. Sem dæmi um þetta má nefna hversu fátæglegir leikvelli bæjarins eru, samanborið við leikvelli nágrannasveitarfélaga okkar. Þá liggur fyrir að framundan er talsvert fjárfesting í innviðum og mikilvægar eigna bæjarins á borð við skóla, sundlaug, almannarými og íþróttamannvirki mega ekki grotna niður af viðhaldsleysi.”

Uppbygging Bygggarða mikið tækifæri

“Við erum rétt um 4500 sem búum hér á Nesinu. Aldurssamsetning íbúa hefur verið að breytast hratt á síðustu árum. Mikið af yngra fjölskyldufólki er að flytja á Nesid. Ég tel æskilegt að fjölga fólki og það getum við gert með því að hér verði byggðar meðalstórar íbúðir sem yngra fólk getur fest kaup á. Í nokkur ár hefur verið unnið að því að gera Bygggarðasvæðið bygginghæft en því miður hefur sú vinna gengið hægar fyrir sig en æskilegt hefði verið. Ég sé stórkostleg tækifæri fyrir mér á þessu svæði. Þetta er

eitt besta íbúðasvæði á landinu. Í nánd við náttúruna, strandlengjuna og útivist, golfvöll og allt það besta sem hægt er að bjóða. Með skynsamlegri útfærslu er hægt að byggja fallega og spennandi byggð fyrir allt að 500 manns á næsta kjörtímabili, án þess að ganga á nein náttúrleg gæði. Með því yrði íbúafjöldi Seltjarnarnesbæjar kominn í um það bil fimm þúsund manns. Það skiptir líka miklu máli að fá yngra fólk til þess að setjast að á Seltjarnarnesi. Fólk sem eru virkir uppalendur barna þannig að skólafélagið okkar styrkist sem mest. Tækifærin eru á Nesinu. Nú er bara að sjá hvort bæjarbúar eru tilbúnir í að gera góðan bæ betri.”

PC og Apple tölvuviðgerðir

Fullkomið tölvuverkstæði og margra ára reynsla og þekking fagmanna

 TÖLVULAND

Skeljagrandi 1 · 107 Reykjavík
Sími 899 3417 · www.tolvuland.is

www.n1.is

facebook.com/enneinn

Öruggari á Michelin dekkjum

Pantaðu tíma fyrir dekkjaskiptin á www.n1.is



Michelin CrossClimate+

- Sumardekk fyrir norðlægur slóðir
- Öryggi frá fyrsta til síðasta kílómetra
- Halda eiginleikum sínum vel
- Gott grip við flest allar aðstæður
- Endingarbestu sumardekkinn á markaðnum



Michelin Primacy 4

- Öryggi frá fyrsta til síðasta kílómetra
- Frábært grip og góð vatnslosun
- Einstakir aksturseiginleikar



Michelin Pilot Sport 4

- Sumardekk fyrir þá kröfuhörðustu
- Gefa óviðjafnanlega aksturseiginleika
- Frábært grip og góð vatnslosun
- Endingarbestu dekkinn á markaðnum í sínum flokki

Hjólbarðþjónusta N1

Bildshöfða 440-1318
Fellsmúla 440-1322
Réttarhálsi 440-1326
Ægisíðu 440-1320

Langatanga Mosfellsbæ 440-1378
Reykjavíkurvegi Hafnarfirði 440-1374
Grænásbraut Reykjanesbæ 440-1372
Dalbraut Akranesi 440-1394
Réttarhvammi Akureyri 440-1433

Opíð
mán – fös kl. 08-18
laugardaga kl. 09-13
www.n1.is

Alltaf til staðar



Kall tímans að fólk vinni meira saman

- segir Árni Einarsson bæjarfulltrúi sem nú lætur af störfum

„Þetta hefur verið eftirminni-
legur og ánægjulegur tími í bæjar-
málunum,“ segir Árni Einarsson
bæjarfulltrúi á Seltjarnarnesi
í spjalli við Nesfréttir en hann
hyggst nú láta af störfum bæjarfull-
trúa. „Ég hef verið virkur í starfi
Bæjarmálafélags Seltjarnarness
og Neslistans allt frá árinu 1998
en þá tók ég sjöunda sæti listans
í sveitarstjórnarkosningunum um
vorið. Í kosningunum 2002 var ég
í þriðja sætinu og náði kjöri sem
bæjarfulltrúi. Ég var í sama sæti í
kosningunum 2006 en náði þá ekki
kosningu sem aðalmaður. Frá árinu
2010 hef ég verið í fyrsta sætinu
og oddviti listans. Við lok þessa
kjörtímabils hef ég því verið bæjar-
fulltrúi í 12 ár, varabæjarfulltrúi
í eitt ár og verið í framboði fyrir
Neslistann í tuttugu ár. Á þessum
tveimur áratugum hef ég einnig
starfað í ýmsum starfsnefndum
bæjarins og sem áheyrnarfulltrúi
í bæjarráði.“

Árni segir að margt hafi verið að
gerast á Seltjarnarnesi á þessum
tuttugu árum og mikil uppbygging
átt sér stað. Með starfi í nefndum
bæjarins fást góð innsýn í sveit-



Árni Einarsson bæjarfulltrúi á Seltjarnarnesi.

arstjórnarmálin, enda flestir mála-
flokkar þar til umfjöllunar. Þar
skiptist fólk á skoðunum og tali sig
eftir atvikum niður á niðurstöður.
„Þegar ég kom að bæjarmálunum
var Jónmundur Guðmarsson að taka
við bæjarstjórninni af Sigurgeir Sig-
urðssyni sem hafði stýrt Nesinu um
áratugi og ég hafði átt góð samskipti
við. Síðustu tvö kjörtímabil hef
ég átt gott samstarf við Ásgerði

Halldórsdóttur bæjarstjóra, en við
störfuðum saman að íþróttamálun-
um á árum áður og þekkjumst
því vel. Þótt fólk starfi fyrir ólíka
stjórnarmálaflokka og öfl er oftast
góð samvinna um að koma góðum
málum í framkvæmd þótt eðlilega
sé oft meiningarmunur og stundum
tekist á. Lykilatriðið er gagnkvæm
virðing. Undanfarin ár hafa til dæmis
meirihluti og minnihluti unnið

saman að gerð fjárhagsáætlana
bæjarins í stað þess að minni-
hlutinn komi að fyrir fram gerðri og
lokaðri áætlun af hálfu meirihlutans.
Með þeirri nálgun og þeim vinnu-
brögðum næst meiri samhljómur,
fleiri möguleikar eru uppi á borðum
og til skoðunar og umræðna. Þannig
fást bestu niðurstöðurnar. Þær
aðstæður sem sköpuðust eftir efna-
hagshrunið 2008 kölluðu einnig á ný
vinnubrögð. Vinnubrögð sem dregið
gætu úr tortryggni og þeirri vantrú
sem skapast hafði á stjórn málu-
m og stjórn málamönnum.“

Gagnsær rekstur og ákvarðanatata

„Við Neslistafólks höfum lagt
mikla áherslu á að rekstur og
ákvarðanatata í stjórn sýslunni sé
sem gegnsæjust. Það eykur bæði
skilning á því sem verið er að fást
við og einnig trúverðugleikann.
Allar fundargerðir bæjarstjórnar
og nefnda eru nú aðgengilegar á
netinu og ýmsar upplýsingar úr
bókhaldi og rekstri. Hægt er að
horfa á bæjarstjórnarfundi í beinni
útsendingu á netinu, en Neslistinn



SELTJARNARNESBÆR

ATKVÆÐAGREIÐSLA UTAN KJÖRFUNDAR

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar vegna sveitarstjórnarkosninga 26. maí 2018 er hafin.

Atkvæðagreiðslan fer í fyrstu fram hjá Sýslumanninum á Höfuðborgarsvæðinu að **Hlíðasmára 1**

í Kópavogi á þeim tíma sem embættið er opið þ.e. frá kl. 8.30 til 15.00 á virkum dögum.

Einnig verður opið á **laugardögum og sunnudögum frá kl. 12.00 til kl. 14.00.**

Lokað er 1. maí, uppstigningardag 10. maí og hvítasunnudag 20. maí.

Upplýsingar um breytingar á þeim tíma sem opið verður hjá embættinu verða færðar
á vef embættisins jafnóðum og þær liggja fyrir.

Kjósendur skulu framvísa gildum skilríkjum við atkvæðagreiðsluna.

Frekari upplýsingar er að finna á vefsíðunni: **www.kosning.is**

beitti sér fyrir að því yrði komið á. Við beittum okkur líka fyrir því að komið yrði á fót bæjarráði eins og er í mörgum stærri sveitarfélögum. Mál eru þar jafnan rædd ítarlegar en á bæjarstjórnarfundum sem virka meira eins og afgreiðslustofnun þegar búið er að leggja efnislegar línur. Fundarsköp á bæjarstjórnarfundum setja umræðum líka nokkrar skorður. Þau eru fremur stíf og taka mið af fundarsköpum Alþingis. Ég kann þeim samt vel. Tilkoma bæjarráðs eykur líka möguleika á meira samstarfi meiri- og minnihluta og dregur úr líkum þess að einfaldur meirihluti valti yfir minnihlutann.“

Stefna með bætt mannlíf og umhverfi að leiðarljósi

En til upphafs Neslistans. Hvað kom til að hann var stofnaður. „Bæjarmálafélag Seltjarnarness, sem var stofnað 23. apríl 1990. Það er fyrsta bæjarmálafélagið sem stofnað var í sveitarfélagi hér á landi. Síðan hefur félagshyggjufólk víða um land fylgt fordæmi þess. Félagar í bæjarmálafélaginu eru einstaklingar sem vilja efla faglegt starf að bæjarmálunum. Skipan Neslistans hefur annað hvort ráðist í opnum prófkjörum, þar sem allir íbúar á kjörskrá á Seltjarnarnesi

hafa átt rétt á að greiða atkvæði, eða verið ákveðin á aðalfundum eða almennum félagsfundum.“ Árni segir að með þessu hafi verið leitast við að ná víðtæku samstarfi og virkja þekkingu og reynslu einstaklinga þvert á stjórn málaflökka. „Það hefur aldrei verið vandi fyrir Neslistafólk að ná saman um stefnu í málefnum bæjarfélagsins með bætt mannlíf og umhverfi að leiðarljósi og margir hafa fagnað því að geta lagt bæjarmálunum lið án þess að vera félagsbundnir í hinum hefðbundnu stjórn málaflökku.“

Kall tímans að fólk vinni meira saman

En er Árna eitthvað minnisstæðara en annað á þessum ferli. Hann segir ekkert eitt standa upp úr að því leyti. „Á þetta löngum tíma hefur maður kynnst mörgu góðu fólki og bundist mörgum vináttuböndum óháð einhverri flokkaskiptingu. Það er einnig ánægjulegt að hafa fengið tækifæri til að taka þátt í þeirri uppbyggingu sem hefur átt sér stað á Nesinu þessa tvo áratugi. Það er í raun ómetanlegt að fá tækifæri til þess að fylgjast með og taka þátt í uppbyggingu síns nánasta umhverfis og móta það. Vissulega var meiri

spenna og átök um einstök málefni áður en kall tímans er að fólk vinni meira saman og nái samstöðu. Ég sé ýmis merki um þetta í sveitarstjórnarmálunum. Hlutverk sveitarstjórnarfólks snýst fyrst og fremst um að veita þjónustu, hlusta á raddir íbúa, tryggja að farið sé að lögum og reglum í hinum fjölmörgu málaflökku sem eru á forræði sveitarfélaga og sýna ábyrgð í rekstri. Við þurfum samt líka að hafa framtíðarsýn sem felur í sér valkosti fyrir íbúana. Þar liggur pólitíkin. Innihaldslaus þrætupólitík eins og hún birtist stundum í landsmálunum og á Alþingi og hefur stundum þann eina tilgang að leggjast gegn því sem aðrir leggja til eða gera hugnast mér ekki. Mögulega er það samt eitthvað að breytast.“

Held að nýja framboðið eigi eftir að fá hljómgrunn meðal Seltirninga

Og nú ertu að hætta. „Já ég hef ákveðið að nú sé nóg komið og því verður mitt nafn ekki í boði á kjörseðlinum að þessu sinni, nema sem uppfyllingarefni í heiðursæti. Neslistinn og Viðreisn á Seltjarnarnesi munu standa saman að framboði að þessu sinni. Það er í eðli Bæjarmálafélagsins

að standa að og bjóða upp á samstarf með breiðri aðkomu að bæjarmálunum. Veita nýju fólki tækifæri óháð hinu pólitíska litrófi. Þróunin er líka með þeim hætti að hún býður upp á þetta. Yngra fólk er ekki eins tengt hinum hefðbundnu stjórn málaflökku og áður var og vill, held ég, nýja nálgun í stjórn málu. Ég held því að þetta samstarf eigi hljómgrunn á meðal Seltirninga.“

EKKI LÁTA HÖFUÐVERKINN EYÐILEGGJA DAGINN



Reykjavíkur Apótek

Hver freyðitafla inniheldur Asetýlsalícýlsýru 500 mg og koffín 50 mg. Freyðitaflan skal leyst upp í vatni. Við vægum verkjum og migreni. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafraeðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir, sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is. MEDA AB. MEO180401-apríl 2018

UMFERÐ HUNDA OG KATTA 2018



ORÐSENDING TIL HUNDA- OG KATTAEIGENDA

Að gefnu tilefni vill umhverfisnefnd ítreka að frá og með 1. maí til 15. júlí er með öllu óheimilt að vera með hunda á þeim svæðum sem tilgreind eru á þessu korti. Kattaeigendur eru hvattir til að setja á þá bjöllu og halda þeim frá þessum svæðum sé þess nokkur kostur. Þetta er vegna varpfugla.

HUNDABANN GILDIR Í GRÓTTU ALLT ÁRIÐ

LAUSAGANGA HUNDA ER **ALGERLEGA BÖNNUÐ** Á SELTJARNARNESI

Fjölmennur foreldrafundur um leikskólamála



Frá fundinu sem haldinn var í Bókasafni Seltjarnarness.

Foreldrar leikskólabarna á Seltjarnarnesi fjölmenntu á fund um leikskólamála á Bókasafni Seltjarnarness 21. mars. Yfirskrift fundarins var Eru vinnudagar barnanna okkar of margir og of langir?

Þar flutti Elísa Guðnadóttir sálfræðingur erindi um hvernig við getum búið sem best að börnunum okkar í ljósi mikillar umræðu um langan dvalartíma þeirra á leikskólum. Elísa beindi sjónum sínum að því hvað foreldrar geta gert til að draga úr neikvæðum áhrifum langs dvalartíma, til dæmis með gæðastundum, svefnrúttínu og hegðunarstjórn. Foreldraráð og Foreldrafélag Leikskóla Seltjarnarness stóðu fyrir fundinum í samstarfi við leikskólann og bæjarstjórn.



Elísa Guðnadóttir sálfræðingur flutti erindi.



www.systrasamlagid.is

BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999



S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK

Ekki hægt að syngja í vondu skapi



Inga, Haraldur og Birna.

Selkórinn heldur upp á 50 ára afmælið sitt um þessar mundir og rætt var við þremmingana sem hafa verið lengst allra í Selkórnum, Birnu E. Óskarsdóttur, Harald Þrjánsson og Ingu Erlingsdóttur.

Birna: Upphaf Selkórsins var þannig að konur úr Kvenfélaginu Seltjörn sem var nýstofnað félag frá vorinu áður, tóku sig saman á haustmánuðum 1968 og æfðu nokkur lög sem voru sungin á jólafundum kvenfélagsins.

Inga: Fyrstu árin var þetta kvennakór en 1976 fékk Siguróli Geirsson tvöfaldan kvartett úr Karlakór Keflavíkur til liðs við kvennakórinn því hann var einnig kórstjóri Karlakórs Keflavíkur.

Haraldur: Ég kom inn í kórinn haustið 1978 því ég sá auglýsingu í Morgunblaðinu. Það var svo skemmtilegt að við sáum ekkert konurnar fyrr en eftir áramótin því það voru raddæfingar fram að

jólum og þá fyrst fórum við öll að æfa saman og hafa gaman.

„Nú ætlið þið að halda upp á stórafmælið með léttari tónlistarveislu í Seltjarnarneskirkju 6. maí þar sem sungin verða dægurlög sem hafa verið sérstaklega útsett fyrir kórinn og einnig með tónleikum með Sinfóníuhljómsveit áhugamanna í nóvember þar sem boðið verður upp á m.a. messu eftir Haydn.“

Inga: Já, við viljum bjóða upp á eitthvað fyrir alla og hafa breidd í tónlistarvalinu á 50. ára afmælisárinu. „Getið þið sagt okkur hvað það er sem veldur því að þið hafið sungið svona lengi með Selkórnum“.

Inga: Það er þessi skemmilegi hópur, félagsskapurinn og það er bara svo gaman að syngja.

Birna: Ég tek undir það, þetta er einstakur hópur, mikið grín og gleði.

Haraldur: Það er bara ekki hægt að syngja í vondu skapi.



Selkórinn á æfingu.

Kristinn Guðmundsson sýnir grafísk myndverk í Gallerí Gróttu

Gásakaupstaður frá 13. öld lifnar við

Tímahjólíð nefnist sýning sem nú stendur yfir í Gallerí Gróttu. Þar sýnir Kristinn Örn Guðmundsson kvikmyndagerðarmaður og grafískur hönnuður ljósmyndaverk sem hann hefur unnið út frá miðaldadögum á Gásum við Eyjafjörð ásamt öðrum listaverkum. Hann sýndi Myndaröðina frá Gásum í San Benedetto del Tronto á Ítalíu á samsýningu ásamt 73 alþjóðlegum listamönnum árið 2017.

Heimildir eru um að verslunarstaður hafi verið á Gásum við Eyjafjörð fyrir á öldum. Talið er að skip hafi geta lagst að Gásakletti en staðurinn hafi einnig orðið til vegna aðgerða Guðmundur Þorvaldsson dýra sem var eyfirskur goðorðsmaður og höfðingi á 12. og 13. öld. Ekki eru heimildir um að menn hafi haft fasta búsetu á Gásum eða að þar hafi myndast þorp eða byggðakjarni en hvergi á Íslandi eru þó varðveittar jafnmiklar mannvistarleifar frá verslunarstað frá miðöldum og er staðarins víða getið í fornritum frá 13. og 14. öld. Þá gerði Davíð Stefánsson skáld og rithöfundur frá Fagraskógi staðnum eftirminnileg skil í leikriti sínu um munkana á Möðruvöllum sem taldir eru hafa brennt



Eitt af verkum Kristins.

Möðruvallaklaustur í Hörgárdal ofan af sér í ölaði eftir að hafa verslað áfengi á Gásum og neytt þess ótæpilega. Á undanförunum árum hefur verið sett upp sögusýning á Gásum þar sem líkt hefur verið eftir heimildum um hinn forna verslunarstað. Kristinn tók ljósmyndir af sögusýningunni sem hann notar sem grunn að myndsköpuninni sem hann vinnur með tölvutækni. Kristinn nær að gera myndirnar lifandi svo áhorfandanum finnst líkt og hann sé staddur í Gásakaupstað kominn á einu



Kristinn Örn Guðmundsson.

augnabliki aftur til miðalda.

Kristinn stundaði nám hjá SAE institute/Quantm College á Englandi í 3viddar hönnun og hreyfimyndagerð, þá tók hann einnig heimildamyndagerð frá Documentary Filmmakers Group. Kristinn hefur unnið sem kvikmyndagerðarmaður, grafískur hönnuður ásamt ýmsu öðru. Eitt af áhugamálum hans er ljósmyndun og stafræn myndvinnsla á þeim, þ.e.a.s. hann vinnur ljósmyndir sínar þannig að úr þeim gerir hann stílfærð listaverk. Sýningin var opnuð 12. apríl og stendur sýningin til 5. maí.



SELTJARNARNESBÆR

AUGLÝSING VEGNA SVEITARSTJÓRNARKOSNINGA Á SELTJARNARNESI

FRAMBOÐSLISTAR OG FRAMLAGNING KJÖRSKRÁR

Framboðsfrestur vegna sveitarstjórnarkosninga á Seltjarnarnesi, sem fram skulu fara laugardaginn 26. maí 2018, rennur út laugardaginn 5. maí 2018 kl. 12:00 á hádegi. Yfirkjörstjórn tekur á mót framboðslistum þann dag á milli kl. 11:00 og 12:00 á bæjarskrifstofu Seltjarnarnesbæjar, 1. hæð, að Austurströnd 2 Seltjarnarnesi. Með framboðslista skal fylgja yfirlýsing undirrituð af umboðsmönnum listans um að allir frambjóðendur listans uppfylli skilyrði um kjörgengi, skv. 3. gr laga nr 5/1998.

Kjörskrá Seltjarnarnesbæjar liggur frammi, almenningi til sýnis frá og með 15. maí 2018, í þjónustuveri 1. hæð á bæjarskrifstofum Seltjarnarness Austurströnd 2, á opnunartíma skrifstofunnar. Athugasemdum við kjörskrá skal beint til bæjarstjórnar.

Bent er á kosningavefinn www.kosning.is þar sem fyrir liggja ýmsar upplýsingar um kosningarnar m.a. hvar þú ert á kjörskrá.

Fh. Yfirkjörstjórnar Seltjarnarnesbæjar
Pétur Kjartansson

Skipulags- og umferðarmál snerta alla

Kirkjugarður

Ánægja Seltirninga með þjónustu bæjarins er mæld reglulega og er ánægjulegt að segja frá því að niðurstöður þeirra mælinga sýna, nánast án undantekningar, að íbúar eru mjög ánægðir með þjónustu og metnað bæjarfélagsins til að gera vel við sína íbúa. Það er því svo að margir vilja helst aldrei fara af Nesinu og því hefur verið kallað eftir því að gerður verði kirkjugarður innan bæjarmarkanna. Skipulagsnefnd bæjarins hefur komið með tillögu að duftkirkjugarði á, eða við lóð kirkjunnar, en áhugi margra stendur til þess að kirkjugarði verði fundinn staður við Nesstofu. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um málið en áhugavert væri að heyra hug bærjára við þessum hugmyndum.

Nýbyggingar og Bygggarðasvæðið

Í ekki stærra bæjarfélagi, en Seltjarnarnesið okkar er, finnum við vel fyrir því að talsvert hefur verið um framkvæmdir á þessu kjörtímabili. Framkvæmdir eru í fullum gangi við endurbætur á íþróttamiðstöðinni, en þeim framkvæmdum verður lokið vorið 2019. Þá er nýja og glæsilega hjúkrunarheimilið brátt tilbúið en það mun opna um eða fyrir næstu áramót. Nú er senn að ljúka byggingu fjögurra húsa með 16 íbúðum við Nesveg, þar sem áður stóðu Ás og Litli Ás. Innan sama hverfis er einnig að ljúka nýbyggingu með fjórum íbúðum, þar sem áður stóð lítið sérbyli. Á Mela- og Miðbraut eru sömuleiðis nýframkvæmdir, þar sem íbúðum mun fjölga frá því sem áður var. Fjölbýlishúsin á Hrólfskálamel og Iðunnarreitnum eru fullbyggð og víða er verið endurbýggja hús og bæta þannig í íbúðaflóru okkar.

Sem landminnsta sveitarfélagið á Íslandi er ljóst að ekki er mikið byggingarland í boði innan okkar bæjarmarkna. Síðasta og trúlega stærsta byggingarframkvæmdin er nú í bígerð, en þar á ég við nýja byggð á Bygggarðasvæðinu, sem kynnt hefur verið bæjarbúum og samþykkt deiliskipulag liggur fyrir frá árinu 2012. Eigendur svæðisins hafa ekki lagt inn hugmyndir til skipulagsnefndar um útfærslu, en gera má ráð fyrir að svo verði innan tíðar. Þar eiga samkvæmt skipulagi að rísa 144 - 150 íbúðir.

Seltirningum mun því áfram fjölga, en fjölgun íbúa í sveitarfélaginu er rétt um 5% frá árinu 2014. Þegar Bygggarðasvæðið verður fullbyggt má ætla að íbúafjöldi okkar verði u.þ.b. 4900.



Bjarni Torfi Álfþórsson.

Þrengingar gatna

Þeir sem sækja vinnu út fyrir bæjarmörkin hafa eflaust fundið vel fyrir því að miklar framkvæmdir í miðbæ Reykjavíkur þrengja mjög að umferð, sem var erfið fyrir. Þegar þeim framkvæmdum líkur munu aftur verða tvær akreinar í hvora átt um Geirsgötu og Kalkofnsveg, en bæjarstjóri Seltjarnarness og borgarstjórinn í Reykjavík undirrituðu samkomulag í lok síðasta kjörtímabils um að ekki megi fækka akreinum á stofnbrautum, vestan Kringlumýrarbrautar, nema með samþykki bæjarstjórnar Seltjarnarness. Þetta er mikilvægt fyrir okkur enda ekki margar leiðir í boði fyrir okkur inn í höfuðborgina.

Umferðaröryggi

Nú nýlega var lokið endurskoðun á umferðaröryggisáætlun Seltjarnarness, en hún var fyrst gefin út í maí 2014. Vel hefur gengið að fylgja eftir ráðleggingum okkar ráðgjafa, en verkefnum er forgangsraðað eftir mikilvægi. Nú á vordögum hefjast framkvæmdir við nýtt snúningsplan við Mýrarhúsaskóla, sem mun verða tilbúið fyrir skólabyrjun í ágúst og sömuleiðis verður aðgengi vöruflutninga að skólanum bætt til að bæta öryggi skólabarna. Hámarkshraði á Norðurstönd hefur verið færður niður í 50 km/klst í samræmi við Aðalskipulag bæjarins og áherslur í umferðaröryggisáætluninni. Fyrir utan að bæta öryggi allra vegfarenda mun þessi ákvörðun bæta mjög hljóðvist þeirra sem búa við Norðurstönd, þó sérstaklega þeirra sem búa við Bollagarða.

Bjarni Torfi Álfþórsson, forseti bæjarstjórnar og formaður Skipulags- og umferðarnefndar.

Færum skólana okkar til framtíðar

Grunnskólinn er fjölmennasti vinnustaðurinn, stærsti útgjaldaliðurinn og snertir líf mjög margra íbúa á Seltjarnarnesi. Hann hefur staðið sig vel og því ber ekki sist að þakka öflugum starfsfólki og kennurum skólans. En framundan eru breyttir tímar því okkar reynslumesta fólk fer að láta af störfum sökum aldurs. Hver á að koma í staðinn? Það er yfirvofandi kennaraskortur á landinu og nú þegar eru leiðbeinendur án kennsluréttinda að fylla upp í kennarastöður hérna á Seltjarnarnesi. Góðir kennarar eru gríðarlega eftirsóttir. Hvernig getur Grunnskóli Seltjarnarness laðað til sín framúrskarandi kennara á næstu árum? Hvernig gerum við grunnskólann okkar að eftirsóknarverðum vinnustað?



Þorleifur Örn Gunnarsson.

Hækka þarf laun kennara á öllum skólastigum á Seltjarnarnesi en einnig þarf að fjárfesta í innviðum og starfsumhverfi skólans. Við þurfum að létta á álagi af kennurum, styðja við fagmennsku þeirra og framþróun í starfi. Það sem við viljum gera er að setja fjármagn í þróunarsjóð þar sem kennarar geta sótt um fjárveitingu til verkefna innan skólanna. Hugmyndin með þessum sjóði er að auka sjálfstæði og styðja við fagmennsku kennara. Við viljum laða að skólanum metnaðarfulla og hugmyndaríka kennara sem nýta sérþekkingu sína og áhuga til að þróa grunnskólann til framtíðar.

Enn fremur viljum við fjölga fagfólki í skólanum sem léttir á álagi og gerir kennurum kleyft að gera það sem þeir gera best, að kenna nemendum. Það er fráleitt að þeir sem vinna með þeim börnum sem þurfa mest á aðstoð að halda séu ungmenni sem staldra stutt við og hafa skiljanlega takmarkaða þekkingu og reynslu til að takast á við krefjandi starf.

Samkvæmt skólastefnu Seltjarnarness frá 2011 á „skólanum að vera búið umhverfi sem gerir kennurum kleyft að stunda framsækni skólastarfa“ auk þess sem hann á að vera „samkeppnisfær um besta starfsfólkið“. Eins og staðan er í dag er bærinn ekki að uppfylla eigin stefnu. Í þau tvö ár sem ég hef starfað í skólanum hef ég ekki legið á skoðunum mínum um það sem ég tel að þurfi að breyta og bæta. Þrátt fyrir jákvæðni og metnað skólastjórnenda virðast málin stoppa á skrifstofu bæjarins. Það hefur verið fullkominn skortur á framtíðarsýn bæjaryfirvalda um hvernig eigi að gera skólanum kleift að takast á við nýjar áskoranir. Skólinn hefur verið að dragast aftur úr og sem dæmi hafa kennarar þurft að hafa gríðarlega mikið fyrir því að berjast við að fá eðlilegan tæknibúnað inn í skólana til að nýta í kennslu, búnað sem að öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og mörg smærri sveitarfélög úti á landi hafa nú þegar.

Ég er metnaðarfullur fyrir hönd nemenda minna og ég tel að bærinn geti og verði að gera betur. Ég veit að metnaður foreldra um gott skólasamfélag er meiri en sveitarfélagið hefur sýnt. Við í Samfylkingunni bjóðum upp á framtíðarsýn í skólamálum og viljum færa Grunnskóla Seltjarnarness til framtíðar.

Þorleifur Örn Gunnarsson, grunnskólakennari.

Höfundur skipar 3. sæti á lista Samfylkingarinnar í kosningum til sveitarstjórnar á Seltjarnarnesi þann 26. maí næstkomandi.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Audbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Kristín Ingólfssdóttir



Sverrir Einarsson



Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Nesfréttir 30 ára

Nesfréttir eru 30 ára. Fyrsta tölublað þeirra kom út föstudaginn 4. mars 1988. Blaðið kom ekki alveg reglubundið út í byrjun en hefur um allmörg ár komið út mánaðarlega. Engu að síður hafa á annað þúsund tölublað komið út á þessum tíma.

Frá upphafi hefur blaðið verið gefið út sem staðarblað á Seltjarnarnesi og málefni bæjar og byggðar verið þar til fréttu og umfjöllunar. Á vegum Nesfrétta hefur einnig verið rætt við fjölda Seltirninga bæði innfædda, aðflutta og brottflutta sem haft hafa frá ýmsu að segja. Kristján Jóhannsson útgefandi og prentari hóf útgáfu Nesfrétta eftir að umræður um að nauðsyn þess að koma á fótt bæjarblaði á Seltjarnarnesi. Hann átti þá prentsmiðju við Hrólfsskálavörina og prentaði blaðið sjálfur fyrstu árin. Með breyttri tækni var prentunin síðan flutt annað en Kristján hefur staðið vaktina í 30 ár og er útgáfa Nesfrétta nú á vegum fyrirtækis hans Borgarblaða.

Fyrsta frétt blaðsins 1988 var um byggingu nýs íþróttahúss á Seltjarnarnesi, önnur frétt í fyrsta tölublaðinu var um litla mannfjölgun á Seltjarnarnesi eða aðeins um 2% á árinu 1987. Í fréttinni er bent á að yngra fólk sem sé að koma þaki yfir höfuðið leiti á önnur mið þegar það flýgur úr hreiðrinu eins og það er orðað. Í þessu fyrsta tölublaði er verið að velja fyrir sér hvort gamli Mýró verði skóladagheimili Seltirninga í ljósi þess að í fjárhagsáætlun bæjarins þá var gert ráð fyrir hálfri milljón króna til reksturs skóladagheimilis. Verslunar- og verðlagsmál voru strax til umræðu í Nesréttum því í öðru tölublaðinu lýsir þáverandi verslunarstjóri í Nýjabæ á Eiðistorgi því að verslunin sé fyllilega samkeppnisfær en hún hafði komið illa út úr verðkönnunum svo að aðrir verslunareigendur við torgið höfðu verulegar áhyggjur af að fólk færi að leita á aðrar slóðir með innkaup. Nokkru síðar eða í maí sama ár er því slegið upp á forsiðu Nesfrétta að Hagkaup hafi fest kaup á Nýjabæ og að vöruverð muni lækka verulega á Nesinu því sama verð verði látið gilda í öllum verslunum Hagkaups. Í lok ágúst þessa fyrsta árs Nesfrétta var sagt frá myndlistarsýningu Sigríðar Gyðu Sigurðardóttur myndlistarkonu á Kjarvalsstöðum en hún var eiginkona Sigurgeirs Sigurðssonar sem lengi var bæjarstjóri á Seltjarnarnesi. Og að lokum má geta þess að í september 1989 er sagt frá kaupum Seltjarnarnessbæjar á Ráðgerðislandinu fyrir 23 milljónir króna en bærinn var að festa kaup á Ráðagerði á nýjan leik nú fyrir skömmu.



Fyrsta tölublað Nesfrétta sem kom út í mars 1988.

Heilsudagar á Seltjarnarnesi 2018

Haldið verður upp á Heilsudaga á Seltjarnarnesi helgina 3. - 5. maí nk. og nú í þriðja sinn. Á Heilsudögum gefst íbúum kostur á að kynna sér flest það sem aðildarfélög í bænum hafa upp á að bjóða sem nærir líkama og sál.

Dagskráin er létt og skemmtileg að þessu sinni og leggjum við áherslu á andlega líðan með fyrirlestri um nútíund og hamingju.

Heilsudagar fléttast saman við Neshlaupið og því kjörið tækifæri að hefja sumarið í skemmtilegu fjölskylduhlaupi og skella sér svo í sund með fjölskylduna enda opnunartími lengdur og er nú til 19:30 um helgar og til kl. 22 á virkum dögum.

Kynningar og viðburðir hafa verið fjölbreyttir á fyrri Heilsudögum og reynum við hjá ÍTS að bjóða upp á eitthvað nýtt og skemmtilegt á hverju ári. Meðal þess sem boðið hefur verið upp á er fyrirlestur um næringu, Aqua Zumba, flot, ókeypis aðgangur að World Class, fjölbreytt hreyfing á vegum Hreyfilands, hjólatúr með söguvafi með Bjarna Torfa og svo má lengi telja.

Í ár leggjum við áherslu á andlega næringu og hefjum Heilsudaga á erindi um vellíðan og hamingju með Ragnhildi Jónsdóttur heilsumarkþjálfara og meistaranema í jákvæðri sálfræði. Strax að því loknu tekur Anna Dóra Frostadóttir við með fyrirlestur um nútíund og kennir okkur nokkrar æfingar í leiðinni. Fyrirlesturinn verður haldinn í Galleri Gróttu, fimmtudaginn 3. maí klukkan 19:30.

Félagsstarf aldraðra kemur sterkt inn á hverju ári og bjóða alla velkomna sem vilja kynna sér starfseminu nú eða eiga góða stund með eldri borgurum bæjarins. Ekki má gleyma Hreyfilandi og World Class með sínu föstu liði.

Við hvetjum bæjarbúa til að taka þátt með okkur að bættri heilsu bæjarbúa og fjölmenna á viðburði þessa helgi.

Sigríður Sigmarsdóttir



Sigríður Sigmarsdóttir

Neshlaup

Trimmklúbbs Seltjarnarness

Neshlaupið verður laugardaginn 5. maí
Ræst kl. 11 við sundlaug Seltjarnarness



Þrjár valkostir: 3,25km, 7,5km og 15km með tímatöku.

Forskráning er opin á hlaup.is fram til kl. 21:00 föstudaginn 4. maí.

Afhending hlaupagagna og skráning á staðnum fer fram í íþróttahúsi Seltjarnarness frá kl. 09:00 - 10:30 á hlaupadaginn.

Frítt fyrir börn og ungmenni (fædd 2002 eða síðar) Þátttökugjald fyrir fulloröna er 1.500 kr. miðað við forskráningu en kr. 2.000 ef skráning fer á staðnum. Neshlaupið er fjölskylduvæn skemmtun og hvetjum við foreldra og skólabörn sérstaklega til þátttöku en allir geta valið sér vegalengd við hæfi.

Fjölmargir útdráttarvinningar



Mikið úrval af TYR
sundfatnaði - nýjar
gerðir og litir, úr
DURAFast 300+
efninu, sem er
sérlega klórþolið og
lithelt.

Kíktu á úrvalið á
heimasíðu okkar
www.aquasport.is

Aqua Sport
www.aquasport.is

Bæjarlind 1-3, 201 Kópavogur
sími: 5640035

UMHVERFISHORNID

Gróðurfar á Valhúsahæð á Seltjarnarnesi

Þann 22. mars 2018 kom út skýrslan „Gróður á Valhúsahæð á Seltjarnarnesi.“

Skýrsluhöfundar eru: Guðmundur Guðjónsson landfræðingur og Rannveig Thoroddsen plöntuvistfræðingur. Kortagerð önnuðust Sigurður Kristinn Guðjohnsen og Guðmundur Guðjónsson.

Í útdrætti skýrslunnar segir: „Skýrslan er gerð að tilhlutan umhverfisnefndar Seltjarnarnesbæjar sem framhald af gróðurfarsúttekt Náttúrufræðistofnunar Íslands frá árinu 1987 og gefin var út árið 1997 sem hluti af veglegu riti um náttúrufar á Seltjarnarnesi. Ætlunin er að sú þekking sem þá kom fram verði uppfærð í áföngum og að hafist yrði handa á Valhúsahæð og nágrenni. Valhúsahæð hefur verið á Náttúruminjaskrá frá árinu 1983 sem útsýnisstaður og útivistarsvæði í þéttbýli og árið 1998 var vestasti hluti hennar friðlýstur sem náttúruvætti. Markmið í þessum áfanga var að fá heildstætt yfirlit yfir gróðurfar sem mun nýtast við skipulagningu svæðisins og kynningar á náttúruferðum þess. Gerð voru nákvæm gróður- og gróðurlendakort af svæðinu í mælikvarða 1:1500 og 1:2.500, æðplöntur voru skráðar, gróðurfari lýst, mat lagt á ástand gróðurs og fjallað um breytingar á gróðurfari á 30 árum. Gróðurlykill Náttúrufræðistofnunar Íslands miðast að mestu við náttúrulegan gróður. Vegna þess hve svæðið á Valhúsahæð er lítið, mælikvarði gróðurkorta stór og áhrif búsetu mikil var ástæða til að flokka og skilgreina gróðurfélög þar ítarlegar en venja er. Því var



gerður sérstakur gróðurlykill fyrir svæðið. Graslendi er langútbreiddasta gróðurlendið á Valhúsahæð. Næst að flatarmáli eru tún og grasflatir, þ.e. ræktað graslendið, og því næst er kjarr- og skóglendi sem einnig er að mestu ræktað. Mólendi sem er að mestu náttúrulegt og blómlendi, sem er aðallega reskigróður, eru álíka stór að flatarmáli en votlendi er mjög lítið. Manngerð svæði taka talsvert pláss. Skráðar tegundir æðplantna á svæðinu sumarið 2017 voru 126. Náttúrufræðistofnun Íslands leggur mikla áherslu á að varðveita upprunalegt gróðurfar á Valhúsahæð eftir fremsta megni. Lagt er til að gerð verði vel

útfærð áætlun um áframhaldandi vinnu á því sviði í samráði við fagaðila.“

Í lokaorðum skýrslunnar segir: „Náttúrufræðistofnun Íslands leggur mikla áherslu á að varðveita og endurheimta sem mest af upprunalegu gróðurfari á Valhúsahæð. Lagt er til að gerð verði í samráði við fagaðila vel útfærð áætlun um áframhaldandi vinnu á grundvelli þessarar skýrslu um endurheimt náttúrulegs gróðurfars. Þannig eykst náttúruverndar-, útivistar- og fræðslugildi svæðisins.“

Það fer vel á því að endurtaka orð Kristbjörns Egilssonar úr Seltjarnarnesbókinni enda eru þau enn í fullu gildi: „Að lokum er vert að benda á að nú þegar augu þéttbýlisbúa opnast fyrir þeim verðmætum sem felast í fjölbreyttri og óspilltri náttúru sem næst heimilum manna verður gildi þessara opnu svæða enn meira, auk þess sem grunnskólar geta notað þessi svæði til náttúrufræðikennslu.“ (Kristbjörn Egilsson 1997, bls. 41)

Skýrslan er ákaflega vel unnin með mikið af falletum myndum til skýringa. Umhverfisnefnd stefnir að kynningu skýrslunnar á opnum fundi í Gróttusal Bókasafns Seltjarnarness þriðjudaginn 15. maí nk. kl. 17:30.

Skýrsluna má sjá innan tíðar sjá á vef Seltjarnarnesbæjar www.seltjarnarnes/frettir og útgefið efni/skýrslur og útgafur/ umhverfismál/Gróður á Valhúsahæð.

*F.h. umhverfisnefndar,
Margrét Pálsdóttir, formaður*

UMHVERFISDAGAR HELGINA 25. - 30. APRÍL

Í tilefni dags jarðar 22. apríl biðjum við bæjarbúa að taka þátt í að plokka rusl í sínu nærumhverfi þessa helgi. Bæjarbúum gefst kostur á að setja trjágreinar og jarðvegsúrgang í gáma sem staðsettir verða:

- SMÁBÁTAHÖFN
- LINDARBRAUT (AÐ NORÐAN)
- ÁHALDAHÚSI
- BÍLAPLANI SÆBRAUT 2
- EIÐISTORGI

BÆJARSTJÓRI TEKUR ÞÁTT Í AÐ PLOKKA SUNNAN BAKKATJARNAR LAUGARDAGINN 28. APRÍL MILLI KLUKKAN 10-12

SÝNUM GOTT FORDÆMI OG VERUM UMHVERFISVÆN

Trimmið besta ákvörðunin

Byrjendanámskeið TKS að hefjast

Á vorin fjölga ekki bara fuglum, heldur líka skokkurum sem sækja í frábærar hlaupaleiðir Seltjarnarness. Elsti hlaupaklúbbur landsins er Trimmklúbbur Seltjarnarness (TKS), stofnaður 1985. Agnes Hildur Hlökkversdóttir hefur hlaupið að meðaltali þrisvar í viku með klúbbnum síðasta árið eftir að hafa mætt á byrjendanámskeið síðasta vor.

„Ég hef stundað alls kyns líkamsrækt gegnum tíðina en þrátt fyrir að langa að hlaupa hafði aldrei fundið mig í því fyrr en ég byrjaði á þessu námskeiði hjá TKS sem ég vil meina að sé frábær undirbúningur. Held nefnilega að það sé töluvert algengt hjá þeim sem eru að byrja hlaup að fara of geyst af stað og þá er hætt við því að maður gefist upp fljótlega.“

Agnes skráði ekki bara sjálfa sig til leiks á námskeiðið, heldur líka eiginmanninn, systur sína og mág.



Agnes Hildur Hlökkversdóttir.

Og nú eru hlaupin orðið nokkurs konar fjölskyldusport.

„Á námskeiðinu var farið mjög rólega af stað enda fann maður aldrei fyrir því að vera að gefast upp en ánægjan var því mun meiri að upplifa hvað þolið jókst með hverri æfingu.“ Agnes fór í sitt fyrsta keppnishlaup



Trimmklúbbur Seltjarnarness (TKS) er elsti hlaupaklúbbur landsins.

nokkrum vikum eftir að námskeiðið hófst og náði markmiði sínu. „Ég hugsa að mér hefði ekki getað liðið betur þó ég hefði sigrað hlaupið!“ segir hún. Í sumar stefnir hún svo hálfmararöð.

Agnes segir félagsskapinn í TKS vera hvetjandi og halda sér við efnið. „Mér er orðið alveg sama hvernig viðrar enda bara hressandi að fá stórhrið í fangið. Að mínu mati jafnast engin hreyfing á við gott hlaup, alveg einstök vellíðan og endurnærandi fyrir sál og líkama. Ég get með sanni sagt að ein besta ákvörðun

sem ég hef tekið var að skrá mig á byrjendanámskeið hjá TKS.“

TKS stendur fyrir öðru byrjendanámskeiði sem hefist 9. maí nk og er í 8 vikur. Hópurinn hittist við sundlauginna þrisvar í viku: klukkan 17:40 á mánudögum og miðvikudögum og 9:30 á laugardögum. Námskeiðið hentar öllum, algerum byrjendum og lengra komnum en þjálfarar útbúa einstaklingsbundið æfingaplan fyrir hvern og einn.

Finnið TKS og allar upplýsingar um námskeiðið á Facebook: Trimmklúbbur Seltjarnarness - TKS



Kíktu á boðefnabaraninn!



DRYKKIR Á BOÐEFNABARNUM

Þjóðum allskyns holla og heimagerða drykki og aðrar kræsingar á boðefnabar Systrasamlagsins sem næra djúpt.



KRISTALSVATNS-FLÖSKUR

Gæða vatnsflöskur úr þýsku ölpunum hlaðnar jákvæðum náttúrusteinum. Margar tegundir. Mögnuð gjöf.



SLAKAÐU Á Í SUMAR

FLOTHETTAN er framúrskarandi íslensk hönnun sem færir okkur djúpa slökun og vellíðan í vatni. Farðu dýpra inn á við fríinu. Líka í netsölu á www.systrasamlagid.is



ORÐ HAFNA ÁHRIF

Möntru armböndin eru frábært veganesti út í lífið. Í einstaklega fallegum gjafaumbúðum. Silfur, gull, rósagull.



FATNAÐUR BySirrý

Sirrý Örvars er einn af okkar fremstu textilhönnuðum. Einstaklega fallega hannaður fatnaður hennar fæst í Systrasamlaginu.

ÓÐINGGÖTU 1, REYKJAVÍK
Ný heimasíða: systrasamlagid.is
facebook.com/Systrasamlagid
Sími: 511 6367

Fylgstu með
SLÖKUN Í BORG
á www.systrasamlagid.is

AFGREIÐSLUTÍMI:
Mán. - fös.: 10 - 18.
Laugardagar: 11 - 16.

Ábyrg þróun byggðar og samfélags

Í Aðalskipulagi Seltjarnarness er sett fram framtíðarsýn um þróun sveitarfélagsins til næstu ára. Skipulag gerir hinsvegar lítið eitt og sér ef ekki fylgir ábyrg framkvæmdarætlun. En hvernig áætlun byggir undir verðmætasköpun á grunni efnahagslegrar, félagslegrar og umhverfislegrar sjálfbærni? Hér skiptir heimsmynd okkar máli, sjónarhornið á lífið og tilveruna. Hvað við viljum fá úr úr veru okkar hér, hvernig við viljum lifa!

Við ákvarðanatöku um þéttingu byggðar, uppbyggingu reita og forgangsröðun svæða skiptir máli að byggja á fleiru en fjárhagslegum forsendum og tæknilegum útreikningum. Ellegar endum við með bæ þar sem hinn mannlegi skali hefur vikið fyrir byggingarmassa sem tekur ekki tillit til þess að maðurinn er félagsvera sem þrífst ekki nema fyrir tilfinningalegt öryggi sem umhverfið veitir honum og samneyti við annað fólk.

Ábyrg stjórnun sveitarfélagsins snýst um að leggja félagslega og umhverfislega hugmyndafræði til grundvallar ákvarðanatöku til jafns við fjárhagsleg markmið en einungis þannig tryggjum gæði framtíðarbyggðar á Seltjarnarnesi. Lífsfyllingu, hamingju og jöfnuð!

Samfylkingin vill byggja sterkan félagsauð á skipulagi þar sem tekið er tillit til mannlegs atferlis við ákvarðanatöku. Víkja þarf frá hinni vélrænu umræðu um malbik og leiðum til að komast fljótlega inn og úr bænum. Við viljum endurheimta göturnar sem almennárámi og skipuleggja bilið milli hæðar, húsa og hafs þannig að það sé aðlaðandi, öruggt og skemmtilegt. Við viljum vistlegan miðbæ, endurhanna tengigötur svo þær skeri ekki byggð frá strönd, hugsa skipulag grænna svæða sem eina heild, draga fram sjónræn náttúruverðmæti sem hverfa í haug athafnasvæðisins.

Hækkandi sjávarstaða er raunveruleg ógn við okkar samfélag. Samfylkingin vill vernda strandlengjuna sem og líffræðilega fjölbreytni í Gróttu og á Valhúsarhæð en slíkar aðgerðir eru grundvallaratriði í baráttunni við loftlagsbreytingar. Uppbygging Borgarlinnu með endastöð á Eiðistorgi og hleðslustöðvar fyrir rafmagnsbíla gefur okkur einnig frelsi til að velja vistvænar samgöngur sem þjóna okkar daglegu þörfum á sama tíma og við tökum ábyrgð á þeirri ógn sem steðjar að.

Gerum betur!

Karen María Jónsdóttir, 4. sæti á lista Samfylkingar Seltirninga



Karen María Jónsdóttir.

FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRI BÆJARBÚA

Bráðum kemur betri tíð með blóm í haga, sæta langa sumardaga.

Þrátt fyrir síðbúið páskahefningu þá er vissan um betri tíð innan seilingar.

Eins og kom fram í síðasta pistli þá stóð fyrir dyrum heimsókn Lionsmanna á spilakvöld á Skólabrautinni, en það var haldið þriðjudaginn 13. mars. Spilað var á 10 borðum og kvöldið hið skemmtilegasta. Lionsmenn lögðu til vinninga og nokkra herra menn þannig að það þurfti engin kona að spila sem karl, sem er harla óvenjulegt hjá okkur. Þökkum Lionsmönnum kærlega fyrir komuna og minnum þá á að þeir eru alltaf velkomnir. Nokkrir spiladagar fylgdu svo í kjölfarið, en það eru alltaf uppi óskir um fleiri spiladaga, þannig að einum slíkum var bætt inn fimmtudaginn 22. mars og var hann vel sóttur. Fimmtudaginn 5. apríl var svo aftur félagsvist og síðan er von á kvennadeild Vörðunnar á spilakvöld þann 17. apríl. Þetta er árviss viðburður hjá þeim eins og Lions. Þær stóllur koma aldeilis ekki tómhentar því boðið verður upp á veitingar að þeirra sið sem alltaf slær í gegn. Spilakvöldið með Vörðunni þann 17. apríl hefst kl. 19.30 og eru allir hjartanlega velkomnir.

Fimmtudaginn 15. mars var farin „óvissuferð“ Að þessu sinni heimsóttum við flugskýli og aðsetur Landhelgisgæslunnar á Reykjavíkflugvelli. Á móti okkur tóku röskir og glæsilegir herra menn sem leiddu hópinn í allan sannleika um starfsemi gæslunnar. Farið var í gegnum áratuga sögu gæslunnar, hlutverk og helstu verkefni ásamt flóknum áskorunum sem gæslan hefur staðið frammi fyrir, þrátt fyrir erfiða aðstöðu og aðstæður oft á tíðum. Eftir heimsóknina í flugskýlið var farið á Satt, þar sem boðið var upp á veitingar. Skemmtilegur og fróðlegur dagur.

Hið árlega páskaeggjábíngó var haldið í safnaðarheimili kirkjunnar mánudaginn 26. mars. Fjölmenni tók þátt og tugir páskaeggja í vinning og margir sem fóru heim með glæsileg páskaegg. Athugið að allir föstu liðirnir eru á sínum stað og tíma samkvæmt dagskrárblaðinu sem allir eiga.

Mánudagurinn 9. apríl var svo undirlagður í perlum, en þá voru perluð yfir 100 armbönd fyrir Kraft sem er stuðningsfélag ungs fólks sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur þeirra. Fulltrúar frá Krafti mættu með allt efni og leiðbeindu við armbandsgerðina. Armböndin sem perluð voru LÍFÍÐ ER NÚNA er okkar stuðningur og framlag til félagsins.

Félagsvist verður svo í salnum fimmtudaginn 3. maí og bíngó fimmtudaginn 17. maí kl. 13.30. Ath. Fyrirhuguðu grillkvöldi sem vera átti fimmtudaginn 26. apríl er frestað.

ÁRLEG VORFERÐ.

SAMEIGINLEG FERÐ FÉLAGSSTARFSINS OG KIRKJUNNAR.

Farið verður þriðjudaginn 8. maí.

Stykkishólmur og sigling um Breiðafjarðareyjjar.

Lagt af stað frá Skólabraut kl. 8.00. Siglt með Sæferðum frá Stykkishólmi kl. 11.00.

Siglt um óteljandi eyjar Breiðafjarðar þar sem náttúra og fuglar eru skoðaðir. Auk þess fá farþegar tækifæri til að smakka hörpuskel og ígulkerjahrogn beint af hafsbotni. Einstök upplifun fyrir alla. Siglingin tekur 2. klst. og 15 mín. Eftir að í land er komið verður snæddur hádegisverður í Narfeyjarstofu í Stykkishólmi. Áætlaður heimkomutími er um kl. 17.00. Skráningarblöð liggja frammi á Skólabraut, Eiðismýri og í kirkjunni. Einnig er skráning og allar upplýsingar í síma 8939800. Verð kr. 13.500.- (rúta, sigling með leiðsögn og hádegisverður). Lágmarksþátttaka 30 manns.

ÁRLEG HANDVERKSSÝNING verður í salnum á Skólabraut dagana 25. 26 og 27. maí, en þá munu eins og venjulega allir sem stundað hafa námskeið í leir, gleri og bókbandi, handavinnukonur og timburmenn sýna afrakstur vinnu vetrarins. Sýningin verður opin frá kl. 13.00 – 18.00 alla dagana og er fólk hvatt til að fjölmenna og taka með sér gesti.

Gleðilegt sumar.



Frá Tónlistarskóla Seltjarnarness

Nú stendur yfir innritun í Tónlistarskóla Seltjarnarness fyrir skólaárið 2018-2019.

Innritunin fer fram á www.seltjarnarnes.is undir **Mínar síður** í hægra horni efst.

Nánari upplýsingar á skrifstofu skólans alla virka daga frá kl. 11:00 - 15:00

Tónlistarskóli Seltjarnarness við Skólabraut
Sími 5959-235 •
tonlistarskolinn@seltjarnarnes.is

Skólastjóri

Húsfélagapjónusta

Eignaumsjón leiðandi í 17 ár

- ✓ Bókhald og fjármál
- ✓ Húsfélagafundur
- ✓ Mínar síður
- ✓ Húsbók þjónustusaga húss
- ✓ Auk annarrar þjónustu



• EIGNAumsjón www.eignaumsjon.is

Framtíð leikskólamála á Seltjarnarnesi

Leikskóli Seltjarnarness hefur undanfarin ár tekið á móti börnum niður í allt að 14 mánaða gömlum á haustin en aldrei hefur verið meiri fjöldi barna í leikskólanum okkar en þetta árið. Börnum á leikskólaaldri er að fjölga á Seltjarnarnesi sem er mjög svo ánægjuleg þróun og krafan um vistun fyrir börn strax að loknu fæðingarorlofi hefur aukist samhlíða því að færri dagmæður eru starfandi og erfiðara að komast í slík úrræði. Því er orðið nokkuð ljóst að þörf er fyrir auknið rými í leikskólanum til að mæta þessari þróun.

Vinnuhópur undir forystu bæjarstjóra hefur nú síðustu vikur verið að vinna þarfagreiningu fyrir nýjan leikskóla sem útlit er fyrir að þurfi að rísa til að mæta þessari auknu þörf fyrir leikskólapláss. Vinnuhópurinn hefur í þessari vinnu skoðað marga leikskóla og rætt við marga leikskólastarfsmenn undir forystu fagfólksins í leikskólanum til að gleyma nú engu í þarfagreiningunni og reyna að draga þannig fram það besta sem hefur verið gert við hönnun leikskóla. Leikskólastjóri ásamt aðstoðarleikskólastjóra og fræðslustjóra lögðu m.a.s. land undir fót og fóru til Danmerkur að skoða leikskóla þar sem hefur verið innleidd ný hugsun í leikskólum á fleiri en einni hæð með fjölbreyttri aldursskiptingu allt frá vöggustofu upp í elstu árganga. Niðurstöður þessarar vinnu ættu að liggja fyrir á næstu vikum um hvernig framtíðarfyrirkomulagi leikskólamála verður háttáð og vonandi hægt að hefjast handa við útfærslur sem fyrst. Í vinnunni er tekið mið af þeirri stefnu ríkisstjórnar að lengja fæðingarorlof á næstu árum.

En á meðan ekki er hægt að taka inn yngri börn í leikskólana okkar hefur verið gripið til ýmissa úrræða til að koma til móts við foreldra sem eru að bíða eftir dagvistun fyrir börnin sín.

Þannig var samþykkt á fundi bæjarráðs Seltjarnarness í febrúar síðast liðnum að taka upp heimgreiðslur til forráðamanna barna sem eru að bíða eftir því að fá pláss í dagvistun eða leikskóla fyrir barnið sitt. Þessar heimgreiðslur sem hófust 1. mars eru hugsaðar til þess að koma til móts við vinnutap foreldra sem þurfa að vera heima á meðan beðið er eftir dagvistun/ leikskólaplássi eftir að foreldraorlofi lýkur. Þannig geta hjón/sambúðarfólk fengið greiðslur frá 9 mánaða aldri barns og einstæðir foreldrar frá 6 mánaða aldri barns. Heimgreiðslur eru greiddar þar til barn fær pláss hjá dagforeldri eða í leikskóla í allt að 11 mánuði að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Foreldrar geta sótt um heimgreiðslur til Seltjarnarnesbæjar.

Að sama skapi hefur bærin greitt niður kostnað við dagvistun hjá dagforeldri svo foreldrar barna greiði ekki hærra gjald en þau myndu gera ef barnið væri í leikskóla Seltjarnarness á meðan það er í vistun hjá dagforeldri. Þannig geta foreldrar valið dagforeldri hvar sem er á höfuðborgarsvæðinu og Seltjarnarnesbær tekur þátt í kostnaði þar til barnið kemst á leikskóla á Seltjarnarnesi.

Seltjarnarnesbær hefur einnig komið til móts við námsmenn sem hafa fengið vistun fyrir börn á ungbarnaleikskólum Félagsstofnunar stúdenta og að sama skapi komið til móts við foreldra sem vilja að börnin séu á einkareknum leikskólum.

Nánari upplýsingar um niðurgreiðslur og styrki og umsóknareyðublöð má finna á heimasíðu Seltjarnarnesbæjar www.seltjarnarnes.is.

Sigrún Edda Jónsdóttir, er formaður skólanevndar Seltjarnarness og skipar 3. sæti á framboðslista Sjálfstæðisflokksins á Seltjarnarnesi.



Sigrún Edda Jónsdóttir

Hreinsunaráttak við Bygggarða




Nýverið höfðu eigendur húsnæða á iðnaðarsvæðinu við Bygggarða frumkvæði að því að fara í hreinsunaráttak á svæðinu og fengu Steinunni garðyrkjustjóra og þjónustumiðstöðina í samstarf.

Bæði var tekið vandlega til í kringum húsinn og hlutir fjarlægðir sem ekki áttu lengur heima þar eða voru óþrýði á svæðinu. Steinunn hefur lýst yfir mikilli ánægju sinni með framtakið og þakkar fyrirtækjunum í Bygggördum fyrir samstarfið.

SNYRTUM GRÓÐUR VIÐ LÓÐAMÖRK

Fjölbreyttur garðagróður fegrar umhverfi Seltjarnarness og veitir íbúum skjól í gördum sínu. Þar sem gróðurinn vex með með hverju árinu er nauðsynlegt að huga vel að því að hann vaxi ekki út fyrir lóðamörk eða slúti þannig yfir að hætta sé af.



Gróður getur slegist í gangandi og hjólandi vegfarendur með tilheyrandi hættu á slysum. Einnig geta greinar skyggt á umhverðarmerki, götumerkingar eða götulýsingu.

Snyrta þarf gróðurinn og klippa þannig að umferð gangi greiðlega best er að gera það þegar tré og runnar eru ekki laufguð og greinabygging því vel sýnileg.

Stöndum saman um að minnka hættur í umhverfi okkar.

Steinunn Árnadóttir, garðyrkjustjóri
Sími: 8229 111



FALLEGIR LEGSTEINAR



Opið: 10-17
alla virka daga

Verið velkomin

Bergsteinar
legsteinagerð

Audbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is



GRÓTTUSÍÐAN



Bragi Björnsson nýr formaður Gróttu



Elin Smáradóttir fráfarandi formaður Gróttu og Bragi Björnsson nýr formaður Gróttu.

Í síðustu viku fóru fram aðalfundir allra deilda og aðalstjórnar Gróttu. Á fundi aðalstjórnar urðu formannsskipti en Elin Smáradóttir sem verið hefur formaður félagsins frá árinu 2015 hætti og við keflinu tók Bragi Björnsson.

Í formannstíð Elína hefur margt áorkast. Gróttu var treyst fyrir rekstri íþróttamannvirkja, umtalsverð hækkun var á þjónustusamningi Gróttu og Seltjarnarnesbæjar, félagið hélt upp á 50 ára afmæli sitt og framkvæmdir við stækkun íþróttamannvirkja hófust.

Um leið og Elínu er þakkað fyrir góð störf í þágu félagsins bjóðum við Braga velkominn til starfa.

www.grottasport.is



GETRAUNANÚMER
GRÓTTU ER
170



Sími: 588 9705
www.skautaholl.is

Opnunartímar:
Mánud. Þriðjud. og miðvikud.
13:00-14:30
Fimmtudaga
13:00-14:30 og 17:00-19:30
Föstudaga
13:00-14:30
Laugardaga og sunnudaga
13:00-17:00
Skólar og sérhópar:
Mánudag til föstudags 10:00 til 15:00.

Glæsilegur árangur Gróttu stúlkna á Íslandsmótinu



Laufey, Sóley, Fjóla Guðrún og Nanna.

Íslandsmót í áhaldafimleikum fór fram helgina 7. - 8. apríl. Gróttu átti 4 keppendur á mótinu. Laufey Birna Jóhannsdóttir, Fjóla Guðrún Viðarsdóttir og Sóley Guðmundsdóttir kepptu í fjölþraut í unglíngaflokki og Nanna Guðmundsdóttir keppti í fullorðinsflokki.

Laufey varð í 4. sæti í fjölþraut og keppti til úrslita á tvíslá og gólfi þar sem hún lenti í 2. sæti á tvíslá og 3. sæti á gólfi. Sóley Guðmundsdóttir varð í 5. sæti í fjölþraut og keppti til úrslita á stökki, tvíslá og slá þar sem hún lenti í 3. sæti á stökki og 3. sæti á slá.

Íslandsmótið í þrepum fór fram helgina 14. - 15. apríl. Alls höfðu sextán Gróttustúlkur unnið sér inn þátttökurétt á mótinu með því að ná þrepinu sínu í vetur. Stelpurnar stóðu sig allar mjög vel og færast nú upp um þrep. Ísól Aradóttir sigraði í 4. þrepi 11 ára. Ragnhildur E. Gottskálksdóttir varð í 3. sæti og Ásdís Erna Indriðadóttir varð í 5. sæti í 4. þrepi 10 ára og yngri. Freyja Hannesdóttir varð í 5. sæti í 3. þrepi 12 ára.

Við erum gríðarlega stolt af þessum árangri stúlkanna og þjálfurum þeirra og óskum þeim öllum til hamingju með árangurinn í vetur.

Nesfréttir Sími: 511 1188

Risahvannir og húnaklær



Af risahvönnum og húnaklóm stafar slyshætta því safinn í stönglum og blöðum þeirra er eittraður. Í honum eru efni sem virkja í sólarljósi og geta valdið alvarlegum bruna á húð og skilið eftir sig varanleg ör.

Risahvannir eða tröllahvannir eru stórvaxnar, fjölærar plöntur af sveipjurtaætt. Þær líkjast öðrum hvönnum, t.d. ætihvönn og geithvönn, en eru yfirleitt mun stærri og stórgerðari.

Risahvannir hafa stórar blómmyndanir og eru oft glæsilegar plöntur. Þess vegna hafa þær lengi verið vinsælar garðplöntur. Risahvannir hafa dreift sér hratt um höfuðborgarsvæðið undanfarið og er það áhyggjuefni. Þær eru þekktar fyrir að vera skilgreindar sem framandi, ágengar tegundir sem bola öðrum gróðri burt.

Af risahvönnum stafar einnig slyshætta því safinn í stönglum og blöðum þeirra er eittraður. Í honum eru efni sem virkja í sólarljósi og geta valdið alvarlegum bruna á húð og skilið eftir sig varanleg ör. Einnig getur safinn valdið blindu ef hann berst í augu.

Húnakló er minnst og fingerðust af risahvönnunum. Hún getur náð 2-3 m hæð en er alla jafna mun minni. Hún er ekki eins algeng á höfuðborgarsvæðinu en þar sem hún finnst dreifir hún sér mjög hratt.

Nú í sumar fór að bera á húnakló á grasflötum og í beðum umhverfis Vesturbæjarlaug. Hún var einnig farin að sjást á nokkrum stöðum á Seltjarnarnesi.

Í sumar hafa menn á vegum Seltjarnarnesbæjar notað kerfislyf til eyðingar á húnaklónni. Reynslan af því var sú að plantan lét verulega á sjá en hún drapst ekki. Næsta vor verður aftur hafist handa við eyðingu hennar. Er það ósk bæjarins að bæjarbúar skoði vel garða sína og aðgæti hvort húnakló reynist vera í görðum þeirra. Ef svo er ætti að uppræta hana.

Best er að klippa plönturnar varlega niður og grafa upp með rót. Fara þarf afar varlega við meðhöndlun þeirra. Mikilvægt er að vera með hanska og í fótum sem hylja líkamann. Hlífðargleraugu eða andlitshlíf er einnig æskileg og bráðnauðsynleg ef plantan er mjög stór og/eða ef notast er við sláttuor. Forðast skal að velja sólríkan dag því sólarljós eykur hættuna á bruna ef plöntusafinn berst á húð. Mikilvægt er að fylgjast vel með vaxtarstað plöntunnar næstu mánuði og ár eftir að plantan er fjarlægð.

Ítrekuð skal nauðsyn þess að vera ávallt í viðeigandi hlífðarbúnaði þegar risahvannir eru meðhöndlaðar. Vatnsheldir hanskar, andlitshlíf og alklæðnaður er nauðsynlegur.

F. h. umhverfisnefndar, Margrét Pálsdóttir formaður

Húnakló í Hrólfsskálavö.

Mynd: Steinunn Árnadóttir.

SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins að þessu sinni er Óskar Þorvaldsson sem er þjálfari meistaraflokks karla Gróttu í fótbolta sem mætir Tindastóli í 1. umferð 2. deildarinnar á Vivaldivellinum laugardaginn 5. maí klukkan 14. Gróttuliðið er taplaust í öllum keppnum það sem af er ári.

Fullt nafn? Óskar Hrafn Þorvaldsson.
Fæðingard. og ár? 25. október 1973.
Starf? Þjálfari og ráðgjafi.
Farartæki? 12 ára gamall Hyundai Tucson.

Helstu kostir? Vinnusamur og heiðarlegur.

Eftirlætis matur? Hangikjöt.

Eftirlætis tónlist? R.E.M.

Eftirlætis íþróttamaður?

Chris Mullin.

Skemmtilegasta sjónvarpsefnið?

Billions.

Besta bók sem þú hefur lesið?

Illska eftir Eirík Örn Norðdahl.

Uppáhalds leikari? Paul Giamatti.

Besta kvikmynd sem þú hefur séð?

One Flew Over the Cuckoo's Nest.

Hvað gerir þú í fristundum þínum?

Á engan frítíma.

Fallegasti staður sem þú hefur komið á? Valhúsaheðin, fallegasta

vallarstæði landsins og þótt víðar væri leitað.

Hvað metur þú mest í fari annarra?

Heiðarleika.



Hvern vildir þú helst hitta?

Pep Guardiola.

Uppáhalds vefsíða? urslit.net

Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf? Snjólausan vetur.

Hvað myndir þú gera ef þú ynnir 10 milljónir í happdrætti? Laga

stýrisbitana í bílnum og leggja afganginn inn á bók.

Hvað myndir þú gera ef þú værir bæjarstjóri í einn dag? Setja úðarakerfi undir gervigrasvöllinn.

Að hverju stefnir þú í framtíðinni? Að halda áfram að vera léttur, ljúfur og kátur.

Hvað gerðir þú í sumarfríinu?

Fór á EM kvenna í Hollandi með fjölskyldunni.



Munið Minningarkort Kvenfélagsins Seljavannar
Til styrktar kirkjujói Seljavanneskirkju
Þau fást á Bæjarskrifstofu Seljavanness
Austurströnd 2 - Sími: 595-9100



www.systrasamlagid.is

RECARO

Barnabílastólar í úrvali



BÍLASMIÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is



Tími til að breyta

Í vor geta Seltirningar fengið til starfa öflugan hóp fólks sem býður sig fram undir merkjum Viðreisnar og Neslista.

Við viljum metnaðarfullri og betri stjórnun á bænum. Seltjarnarnes hefur alla burði til að skara fram úr í:

- Skólamálum
- Umhverfismálum
- Íþróttamálum
- Fjölskyldumálum
- Öldrunarmálum

Til þessa hafa framfarirnar verið of hægar, metnaðurinn of lítill og tími kominn til að breyta um kúrs.

Vertu með okkur þegar listinn verður kynntur í kaffihúsi Örnú, Eiðistorgi fimmtudaginn 26. apríl kl. 17.30.



Viðreisn / Neslistinn